

Olivia Newton-John 1948-2022



Kaffihús fyrir börn í Reykjavík



Lífið > 20

Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

161. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 10. ÁGÚST 2022



Fjölmarginir ferðamenn lögðu leið sína í átt að eldgosinu í Meradölum í gær en voru stöðvaðir af lögreglu sem hefur lokað svæðinu vegna veðurs. Enginn fékk að fara að gossvæðinu. Christian Hennek, ferðamaður frá Þýskalandi var óánægður með að fá ekki að fara að eldgosinu en vonast til að geta séð gosið áður en hann heldur aftur til Þýskalands. **SJÁ SIÐU 4.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Næstminnst fjármagn til brunamála

Búnaður slökkviliða er víða gamall og myndi ekki uppfylla nútímastaðla samkvæmt formanni Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Ísland er hálfdrættingur á við Evrópu þegar kemur að fjármögnun.

kristinnhaukur@frettabladid.is

BRUNAVARNIR Íslendingar verja hlutfallslega næstminnstu fjármagn til slökkviliða og brunavarna í Evrópu. Aðeins 0,2 prósentum af heildarútgjöldum hins opinbera, eða rúmlega 1,3 milljörðum. Meðaltal álfunnar er rúmlega tvöfalt hærra, 0,5 prósent.

Undirmönnun slökkviliða hefur mikið verið í deiglu en Magnús

Smári Smárason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir mönnunina hafa færst til betra horfs. Vandinn sé mestur tengdur búnaði og aðstöðu.

„Bílaflotinn er víða orðinn gamall. Tækin sömuleiðis og húsnæðið,“ segir Magnús Smári. Telur hann að við aðgæslu myndi búnaður og aðstaða ekki uppfylla nútímakröfur. Gríðarlega mikill munur sé á búnaði, aðstöðu og mönnun eftir svæðum. „Ansi víða er sveitarfélögunum þröngur stakkur sniðinn, sérstaklega í dreifðari byggðum. Við viljum sjá ríkið koma meira að rekstrinum með fjármögnun.“

Meðal verkefna slökkviliða eru viðbrögð við mengunarslysum og björgun fastklemmdra. Til þessa



Magnús Smári Smárason, formaður LSS

þarf sérhæfðan búnað, einkum í ljósi þess að bílar eru sífellt að verða sterkbyggðari.

Endurskoðun á kjörum slökkviliðsmanna vegna áhættu og bætting aðstæðna til þrifa sé einnig verkefni sem þurfi að taka á affestu. Nýverið flokkaði Alþjóðakrabbameinsnefndin slökkvistarf úr áhættuflokki 2b í 1. „Við viljum sjá að þetta

sé tekið alvarlega,“ segir Magnús Smári. „Það þarf að veita auknu fjármagn í málaflokkinn til að hægt sé að búa til starfsaðstæður hjá öllum slökkviliðunum þar sem hægt er að vinna með þann mengaða búnað sem verður til í eldsvöðum.“

Á hann þá við aðstæður til persónulegra þrifa, þrifa á tækjum og búnaði með öruggum hætti til að lágmarka útsetningu við krabbameinsvaldandi efnun. Þessi aukna áhætta þurfi einnig að endurspeglast í launakjörum.

Hann segir að launakjör þeirra sem eru í fullu starfi sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn hafi heldur ekki fylgt aukinni ábyrgð. Krafist er að þeir sinni í auknum mæli heilbrigðisþjónustu á staðnum. ■

Ekki neinn uppgjafartónn

ÚKRAÍNA Valur Gunnarsson hefur verið í Úkraínu undanfarnar vikur og segir að ekki sé neinn uppgjafartónn í Úkraínumönnum í styrjöldinni sem enn geisar í landinu.



Valur Gunnarsson

Kjarnorkuverið í Zaporíjzja, hið stærsta í Evrópu, varð fyrir sprengjuárásam um helgina en hvorki Úkraínurmenn né Rússar hafa gengist við að bera ábyrgð þeim. Verið er undir stjórn Rússa og því segist Valur ekki sjá hvaða ávinning þeir ættu að hafa af því að ráðast á það. **SJÁ SIÐU 6**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA AFHENDING

Borað í Kasmír

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Ríkisstofnunin Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) hafa samið við ONGC, eitt stærsta orkufyrirtæki Indlands, um rannsóknir til undirbúnings jarðvarmaorkuveri í Kasmírheraði. Samningurinn felur meðal annars í sér undirbúning jarðborana, vöktun og úrvinnslu gagna.

Verkefnið markar tímamót því ekkert jarðvarmaver er á Indlandi og ef vel gengur gætu fleiri risið á komandi árum eða áratugum.



Boranirnar fara fram 4.400 metrum yfir sjávarmáli.

Boranirnar fara fram í Puga-dalnum í Ladakh-heraði. Aðstæður eru krefjandi því svæðið er 4.400 metrum yfir sjávarmáli, nálægt Himalaya-fjallgarðinum.

Verkfræðistofan Verkis mun koma að verkefninu sem undirverktaki ÍSOR. Þessi tvö fyrirtæki hafa áður starfað á Indlandi, en það verkefni laut að húshitun.

Kasmír er svæði sem Indverjar og Pakistanar hafa háð mörg stríð og skærur vegna, allt frá stofnun ríkjanna á fimmta áratug síðustu aldar. Indverjar stjórna þremur héraðum Kasmír, Pakistanar tveimur og Kínverjar tveimur. ■

Hoppað í sjóinn á Akranesi



Á höfninni við Bakkatún á Akranesi getur fólk, sem hefur hugrekki til, hoppað úr allt að tíu metra hæð niður í sjóinn. Þessir strákar skemmtu sér konunglega og voru óhræddir í gær þegar ljósmyndara bar að garði. Börn yngri en 14 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum til að hoppa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Drífa kallar eftir aðkomu stjórnvalda

sigurjon@frettabladid.is

KJARAMÁL Drífa Snædal, forseti ASÍ, kallar eftir aðkomu stjórnvalda í komandi kjarabaráttu, aðstæður á fasteignamarkaði kalli á beina og ótvíræða aðkomu. Staðan sé orðin það alvarleg að stjórnvöld geti ekki komist upp með að skila auðu við samningaborðið.

Drífa segir launafólk finna fyrir verðhækkunum. „Afborganir af húsnæði með hækkandi vöxtum og verðbólgu, bensínkostnaður, samgöngukostnaður, matarkostnaður – við finnum öll að við búum í dýrtíð núna,“ segir hún og bætir við að þetta sé í takt við það sem ASÍ hafi sagt og varað við.

„Við erum búin að tala okkur hásum húsnæðisskort og hann eykst með komu fleira flóttafólks frá Úkraínu og með fleira fólk sem kemur til landsins til að leggja hönd á plóg í



Drífa Snædal, forseti ASÍ

okkar atvinnulífi og við þurfum að halda.“ Reynslan sýni að verkalyðshreyfingin hafi gengið til skynsamra kjarasamninga. „Oft hefur þurft stjórnvöld til að tryggja að þær hækkningar sem er samið um séu ekki teknar annars staðar frá af fólk.“

Þá sé hún sérstaklega að hugsa um afborganir af húsnæðislanum, matar- og bensínverð. „Þetta er ekki endilega útkljáð í kjarasamningum og stærstu framfaraskrefin fyrir launafólk og almenning hafa verið í samstarfi og samráði við stjórnvöld.“ ■

Skinney-Þinganes vill reisa miðbæ á Höfn í Hornafirði

Áætlun um stórfellda uppbyggingu nýs miðbæjar á Höfn í Hornafirði er nú til kynningar meðal íbúa sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir allt að sautján þúsund fermetrum af byggð íbúða, veitingahúsa og verslana.

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL „Þetta eru risastór plön,“ segir Sigurjón Andrés-son, bæjarstjóri Hornafjarðar, um áformaða uppbyggingu á Höfn.

Útgerðarfyrirtækið Skinney-Þinganes stendur að baki tillöggunni um nýjan miðbæjarkjarna við athafnasvæði félagsins við höfnina.

„Þarna er Skinney-Þinganes að hugsa sér fjárfestingu í innviðunum vegna þess að húsnæðisskortur hér er einfaldlega mjög mikill,“ segir Sigurjón. „Menn vilja fara í uppbyggingu í sínu nærumhverfi og láta samfélagið njóta þess.“

Bæjarstjórinn kveður mjög mikla uppbyggingu á svæðinu nú þegar tengda ferðaþjónustu og ýmsu öðru. „Það eru stórar hugmyndir um að bæta mjög þar í og við verðum að ráðast á skipulagsmálin og skipuleggja meira fyrir byggð,“ segir hann. Nú þurfi að fara í gang greiningar- og skipulagsvinnna sem hann sé bjartsýnn á að gangi vel. „Við sjáum engin ljón í veginum.“

Að sögn Sigurjóns vinnur Skinney-Þinganes verkefnið í samvinnu við Batteríið sem er arkitektastofan sem hannaði nýja miðbæinn á Selfossi.

„Við fengum þetta nýlega inn til bæjarins til umfjöllunar og erum geysilega spennt og finnst þetta smellpassa við ýmsar aðra áætlanir sem við erum með. Við höfum fyrirmyndina á Selfossi og vitum að þetta virkar,“ segir hann.



Nýi miðbærinn á Höfn á að vera við hafnarvæðið. MYND/BATTERÍIÐ ARKITEKTAR



Menn vilja fara í uppbyggingu í sínu nærumhverfi og láta samfélagið njóta þess.



Sigurjón Andrés-son, bæjarstjóri Hornafjarðar

endurnýjað á öðru athafnasvæði sem starfsemin hafi í raun þegar flust til. Ekki þurfi að ryðja miklum verðmætum úr vegi.

Í nýja kjarnanum á að vera blanda af íbúðum, verslunum, mathöll, kaffihúsum og öðru á allt að sautján þúsund fermetrum eins og fyrr segir. „Það er bara allur þakinn,“ bendir Sigurjón á.

Verkefnið segir bæjarstjórinn vera afar spennandi. „Ferðaviljinn er svo gríðarlegur og bærinn hér nánast uppseldur yfir sumarið sérstaklega en líka á veturna,“ segir hann.

Nú fá íbúar að koma sínum sjónarmiðum á framfæri að sögn Sigurjóns sem aðspurður kveður undirtekktir Hornfirðinga góðar.

„Við höfum fundið fyrir ofboðlega mikill jákvæðni. Bæði gagnvart þessu verkefni og ýmsu öðru sem er að fara í gang hjá okkur,“ segir bæjarstjórinn. „Við erum að skipuleggja stórt land undir íbúðabyggð í bænum og það er mikill kraftur og mjög bjart fram undan hjá okkur.“ ■



Jólin hefjast á Jómfrúnni

Jólamatseðill frá 10. nóvember.
Kom glad!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is

Nýr Hyundai BAYON

Lyftir tilverunni
á hærra plan



BAYON færir þér yfirsýn og öryggi

Nýr Hyundai BAYON lyftir tilverunni á hærra plan með frábærum aksturseiginleikum, öryggisbúnaði og sparneytinni vél. Þú situr hærra í þessum laglega, lipra og rúmgóða bíl og hefur þannig betri yfirsýn og meiri öryggistilfinningu í umferðinni. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai BAYON sem er á hreint frábæru verði og tilbúinn í ævintýrin með þér.

Hyundai BAYON. Verð frá: 3.890.000 kr.

www.hyundai.is



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustuefirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.



Tveggja ára töf á Íslandskomu HBO Max streymisveitunnar

oddureavar@frettabladid.is

AFPREYING Bandaríska streymisveitan HBO Max er ekki væntanleg til Íslands síðar á árinu líkt og bandaríska stórfyrirtækið Warner Media hafði áður fyrirhugað. Þess í stað er uppfærð streymisveita væntanleg seint á árinu 2024. Þetta kemur fram í svari frá fyrirtækinu við fyrirspurn blaðsins.

Í svarinu kemur fram að koma streymisveitunnar til landsins muni tejjast vegna kaupa Discovery á WarnerMedia. Þau kaup feli í sér breyttar áherslur hjá fyrirtækinu og þá sérstaklega með tilliti til streymisveitu fyrirtækisins.

Híð nýja fyrirtæki undir nafninu Warner Bros. Discovery hafi gefið það út fyrir á árinu að það hafi hætt við öll plön um að fjölga löndum þar

sem HBO Max streymisveitan er í boði. Þess í stað hyggst fyrirtækið einbeita sér að útgáfu nýrrar og öflugri streymisveitu sem sameini HBO Max og Discovery+ streymisveituna, að því er segir í svörum fyrirtækisins.

Stefnt er að því að ný streymisveita verði sett í loftið í Evrópu árið 2024 í stað HBO Max. Ekki er stefnt að bjóða upp á nýju streymisveit-



Matt Smith í House of the Dragon, nýrri seríu á HBO Max. MYND/GETTY

una í öðrum löndum í Evrópu þar sem HBO Max hafði ekki þegar verið í boði, fyrr en seinna á árinu 2024.

Áður hafði WarnerMedia tilkynnt að streymisveitan HBO Max yrði í boði á Íslandi síðar á þessu ári, án þess þó að hafa gefið út nákvæma dagsetningu. Streymisveitan er ein fátta bandarískra streymisveitna sem ekki eru í boði á Íslandi. ■



Myndin sýnir gosið síðasatliðinn föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gosórói stöðugur

erlamaria@frettabladid.is

ELDGOS „Við höfum séð að eldgosóróinn mælist stöðugur á svæðinu og við teljum að gosið melli áfram, þó að við sjáum það ekki akkúrat núna í vefmyndavélum okkar af því það er svo mikil súld og þoka á svæðinu,“ sagði Einar Hjörleifsson, náttúruvár-sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, í gærkvöldi.

Að sögn Einars hafa sérfræðingar Veðurstofunnar ekki orðið varir við breytingar á óróanum sem gætu bent til þess að það væru að opnast nýjar sprungur. „Við teljum að það sé bara þessi eina sprunga áfram á svæðinu og það gjósi jafnt og þétt úr henni,“ segir Einar. ■

Gríðarmikill munur á gjöldum

erlamaria@frettabladid.is

SKÓLAMÁL 132 prósentu munur er á hæstu og lægstu gjöldunum fyrir skólavistun, hádegismat og síðdegishressingu grunnskólabarna.

Þetta kemur fram í nýlegri samantekt Verðlagseftirlits ASÍ.

Heildargjöld fyrir þjónustu árið 2022 eru hæst hjá Seltjarnarnesbæ, eða tæplega 46 þúsund krónur á hvert grunnskólabarn. Þá eru þau lægst hjá Fjarðabyggð, eða tæplega 20 þúsund krónur á hvert barn. ■

Ósáttu ferðafólki vísað frá eldgosinu

Fjöldi fólks sem gerði sér ferð að gosstöðvunum í Meraðölum síðustu daga hefur verið vísað frá vegna lokunar sökum veðurs. Ferðafólk er ekki ánægt, en lögreglan telur aðgerðina nauðsynlega.

benediktarnar@frettabladid.is

ELDGOS Almannaþingurinn og lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafa haldið gosstöðvunum í Meraðölum lokudum síðustu daga vegna veðurs.

Þetta kemur sér illa fyrir þá sem ætla sér að sjá eldgosid berum augum en hundruð ef ekki þúsundir hafa lagt leið sína á Reykjanesið til þess að sjá þetta einstaka sjónarspil.

Frá því að lokunarskipulag vegna eldgossins var virkjað hefur Suðurstrandarvegi Grindarvíkurmegin og Vigdísarvallarvegi að austanverðu verið lokað.

Allir bílar sem ekið er að svæðinu eru stöðvaðir af lögreglu og vísað í burtu ef ferðalangar lýsa yfir að þeir ætli sér að sjá eldgosid. Að sögn lögreglu og almannaþingar eru aðstæður einfaldlega allt of hættulegar fyrir almenning.

„Staðan er búin að vera góð. Það er fullt af fólki að koma og allir sem ætla upp að gosstöðvum eru bednir um að snúid við,“ segir Daníel Freyr Ólafsson, hjá lögreglunni á Suðurnesjum, en hann hefur staðið vaktina á Suðurstrandarvegi.

Daníel segir að sumir ferðalangar séu ósáttir við lokunina en enginn hafi neitað að fylgja fyrirmælum lögreglu. Einhverjir bílar hafa þó fengið að fara fram hjá lokuninni.

„Þeir sem eiga erindi annað en á gosstöðvarnar mega fara fram hjá. Svo eru fleiri lögreglubílar þarna upp frá sem fylgjast með bílastæðinu,“ segir Daníel.

Á fyrstu lokun að Suðurstrandarvegi Grindarvíkurmegin var mikið af óánægður ferðamönnum sem vildu komast að gosstöðvunum.



Christian Hennek er frá Þýskalandi. Hann vonast til þess að sjá eldgosid áður en hann snýr aftur heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ég er smá full yfir þessu því ég veit að ég myndi ekki tynast í fjöllunum. Ég myndi geta þetta.

Christian Hennek, ferðamaður frá Þýskalandi

Margir hafa ferðast langar vegalengdir og er nokkuð sama um hættunarnar sem leiðin að gosinu býr yfir og hafa hundsáð skilaboð almannaþingarinnar um allar lokanir. Ekki höfðu allir áhuga á að ræða við blaðamann, en flestir vildu bara drífa sig burt úr vonda veðrinu.

Christian Hennek er þýskur ferðamaður sem kom hingað til landsins áður en eldgosid hófst. Hann segir að eldgos sé einstakur náttúruviðburður sem hann langi að sjá, en er óánægður með að mega ekki fara að gosinu í dag.

„Þegar ég kom til Íslands þá var ekkert eldgos, þannig að ég tel mig vera smá heppinn. Eldgosid er sem

betur fer ekki hættulegt fyrir Íslendinga, en þetta er einstakur náttúruviðburður,“ segir Christian.

Hann segist vonast til þess að sjá eldgosid áður en hann fer heim til Þýskalands.

„Lögreglan sagði við mig að vegna veðursins þá væri lokað á gossvæðið, þannig ég fæ ekki að sjá eldgosid í dag. Ég er smá full yfir þessu því ég veit að ég myndi ekki tynast í fjöllunum. Ég myndi geta þetta,“ segir Christian.

Ekki er vitað hversu lengi lokunin mun vera í gildi, en ljóst er að þeir sem vilja leggja leið sína að Meraðölum þurfa að bíða aðeins lengur eftir tækifærinu til þess. ■



FRÉTTAVAKTIN


KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Hästens Blue Check
Since 1978



Hið einstaka bláköflotta Hästens-áklæði er táknrænt fyrir heimspeki okkar: að búa til svo fullkomið rúm að það haldi þér meira vakandi. Tilfinningin sem þú færð þegar gormar, hrosshár, ullartrefjar, bómull, hör og viður vinna saman er í raun ávöxtur nærri 170 ára linnulausrar vinnu. Því það er það sem þarf til að leggja grunn að betri degi.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIVE® | HASTENS.COM



Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIDSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is



Enginn uppgjafarhugur í Úkraínumönnum

Valur Gunnarsson hefur verið í Úkraínu undanfarnar vikur og segir að ekki sé neinn uppgjafartónn í Úkraínumönnum í styrjöldinni sem enn geisar í landinu.

thorgrimur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Rithöfundurinn og blaðamaðurinn Valur Gunnarsson er staddur í Kænugarði og hann segir að þrátt fyrir stríðsástandið í Úkraínu sé allt orðið undarlega venjulegt í höfuðborginni.

„Mannskepnan hefur ótrúlega hæfileika til að aðlagast aðstæðum og hér er voða lítið sýnilegt um átök, þótt það séu einhverjir hermenn á götunum og útgöngubann að nóttu til,“ segir Valur. „Það er enginn að kippa sér upp við það. En það er allt annað ástand í Donbas og flóttamenn eru að koma þaðan.“

Áhyggjur af kjarnorkuverinu

Valur var í Odesa fyrir tveimur vikum og segir andrúmsloftið þar hafa verið mun spennuþrungnara, enda loftvarnakerfið þar ekki eins öflugt og borgin nær vígstöðvunum. Úkraínumenn hafi fagnað samkomulaginu um kornútflutninga við Rússa en vantraustið gagnvart Rússum sé gríðarlegt.

„Þeir voru nýbúnir að skrifa undir en ákváðu samt að sprengja höfnina til að minna á sig,“ segir Valur. „Þetta með kornflutningana skiptir kannski meira máli í alþjóðlegu samhengi. Hér hefur fólk auðvitað miklar áhyggjur af átökunum við kjarnorkuverið í Zaporíjzja.“

Að sögn Vals er altalað meðal Úkraínumanna að HIMARS-eldflaugakerfið sem úkraínski herinn fékk frá Bandaríkjunum sé svo nákvæmt að það geti hæft Rússa nánast hvar sem er og að þess vegna hafi Rússar leitað skjóls í kjarnorkuverinu, þar sem Úkraínumenn þora ekki að skjóta á þá. „En svo hefur einhver samt skotið, sem er eiginlega galið.“

Kjarnorkuverið í Zaporíjzja, hið stærsta í Evrópu, varð fyrir sprengjuárásun um helgina en hvorki Úkraínumenn né Rússar hafa gengist við að bera ábyrgð á þeim. Verið er undir stjórn Rússa og því segist Valur ekki sjá hvaða ávinning þeir ættu að hafa í því að ráðast á það. Á hinn bóginn hefðu Úkraínumenn heldur ekki ávinning af því að breyta landinu í kjarnorku-



Þrátt fyrir stríðið segir Valur að lífið sé farið að ganga sinn vanagang í Kænugarði. Fólk kippi sér ekki lengur upp við hermennina eða útgöngubannið.



Valur ásamt Berki Gunnarssyni, báðir í skotheldum vestum.

eyðimörk. „Síðan er alltaf möguleiki í stríði að þetta hafi verið óvart og að enginn hafi ætlað að gera þetta. Zelenskyj og Úkraínumenn vilja náttúrulega að kjarnorkuverið sé lýst hlutlaust svæði, sem það er ekki á meðan rússneski herinn er þar. Báðir aðilar virðast nú vera á því að hleypa einhverjum eftirlitsmönnum inn til að skoða þetta.“

Þriðji fasinn hafinn

Valur segir að í augum Úkraínumanna sé „þriðji fasi“ innrásarinnar hafinn. Sá fyrsti hafi aðallega verið við varnir Kænugarðs og annar mest í austurhluta landsins, þar sem Rússar hafa sött hægt en stöðugt fram undanfarnar vikur. Sá þriðji verði í gagnsókn Úkraínumanna í suðurhlutanum, þar sem þeir vonast til að endurheimta borgina Kherson. Valur telur þetta ekki óraunhæft markmið í ljósi þess hve vel HIMARS-flaugarnar hafa reynst Úkraínumönnum.

„Í Kyjív er maður ekki að sjá að menn séu nálægt því að gefast upp. Það er enginn vöruskortur og ungir karlmenn eru að vinna um allt í búðum og við hvað sem er. Herinn er ef eitthvað er með fleiri heldur en hann þarf.“

Valur segir að viðhorf Úkraínumanna til heimsmálanna ráðist nú nær alfarið af innrásinni. „Þeim er sama um skandalana hans Boris Johnson, þau elska hann því hann hefur stutt þau. Þeim er illa við Armeníu en vel við Aserbaísjan. Allt miðast við þetta. Þau blaka fánum stuðningsríkja eins og Bandaríkjanna og jafnvel Noregs, minna Frakklands og Þýskalands.“ ■



Úkraínumenn hafa fundið nýnót fyrir rússneska fánann.



Það er enginn vöruskortur og ungir karlmenn eru að vinna um allt í búðum og við hvað sem er. Herinn er ef eitthvað er með fleiri heldur en hann þarf.

Valur Gunnarsson



Minnismerki í Kænugarði þakið sprengjuvarnarpúðum ásamt áköllum til heimsbyggðarinnar.

FBI gerði húsleit á heimili Trumps

erlamaria@frettabladid.is

BANDARÍKIN Bandaríska alríkislögreglan, FBI, gerði húsleit á heimili Donalds Trump, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, í fyrrakvöld.

Húsleitinn fór fram á heimili Trumps í Mar-a-Lago á Palm Beach í Flórída, en Trump sjálfur sagði frá húsleitinni í yfirlýsingu í gær.



Donald Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseti

Ástæða húsleitarinnar er sögð vera vegna opinberra skjala úr forsetatíð Trumps, sem talið er að hann hafi tekið með sér úr Hvíta húsinu. Enn er á huldu um hvaða skjöl er að ræða, en talið er að meðal þeirra séu gögn sem varði þjóðaröryggi landsins.

Enn hefur ekki verið gefin út ákæra á hendur Donald Trump vegna málsins. ■

Vona að fljótlega dragi úr spennu við Taívan

thorgrimur@frettabladid.is

TAÍVAN Ekki er von á stefnubreytingum af hálfu íslenskra stjórnvalda í garð Taivans, ef eitthvað er að marka svar utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Spennan við Taivansund er magnþrungin vegna hernaðaræfinga Kínverja, sem gera tilkall til eyjarinnar, og óttast er að þeir séu að gera sig líklega til innrásar.

„Ísland leggur áherslu á friðsamlega úrlausn deiluefna milli ríkja og innan ríkja,“ kemur fram í svari ráðuneytisins. „Aukið spennustig á svæðinu veldur áhyggjum og er það von okkar að úr þeirri spennu dragi fljótlega.“

Ísland á ekki í stjórn málasambandi við Taívan þar sem Íslendingar eru fylgjandi stefnunni um eitt og óskipt Kína. Stjórnvöld bæði í Alþýðulýðveldinu Kína og á Taívan (sem formlega heitir Lýðveldið Kína) gera tilkall til þess að vera réttmæt stjórn alls Kína og því á ekkert ríki í formlegu stjórn málasambandi við þau bæði.



Þótt Taívan sé sjálfstætt að öllu leyti nema að nafninu til getur ekkert ríki átt í formlegu sambandi við það og Kína á sama tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Eins og langflestar ríki heims hefur Ísland viðurkennt eitt og óskipt Kína,“ stendur í svarinu. „Ríkin fögnuðu fimmtíu ára stjórn málasambandi á síðasta ári en til þess var stofnað sama ár og stjórnvöld þar voru viðurkennd sem lögmæt

stjórnvöld af hálfu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.“

„Ísland leggur áherslu á friðsamleg og uppbyggileg samskipti um heim allan og virðingu fyrir mannréttindum og alþjóðalögum. Samskipti Íslands og Kína hafa verið góð, meðal

annars á sviði viðskipta og sjálfbærrar orkunýtingar. Íslensk stjórnvöld hafa þó ekki hikað við að gagnrýna mannréttindabrot kínverskra stjórnvalda í Xinjiang-héraði og tekið þátt í þvingunaraðgerðum vegna þeirra. Ísland hefur sömuleiðis gagnrýnt framgöngu stjórnvalda á sjálfstjórnarsvæðinu Hong Kong sem brotið hefur í bága við alþjóðlegar skuldbindingar.“

Litáar leyfðu Taivönnum að opna ræðismannsskrifstofu í Vilnius í fyrra þrátt fyrir að eiga í stjórn málasambandi við Alþýðulýðveldið Kína og uppskárú þannig bræði Kínverja. Slíkt virðist ekki vera uppi á teningnum hér á landi. „Engin áform eru uppi um opnun sendiskrifstofu á sjálfstjórnarsvæðinu Kínverska Taípei en Ísland á í samskiptum við fulltrúa svæðisins, meðal annars á vettvangi WTO þar sem það á aðild sem sérstakt tollsvæði.“ Ekki kom fram í svarinu hvort Ísland tæki til greina að viðurkenna Taívan sem sjálfstætt ríki ef ríkisstjórn eyjarinnar ákveður að lýsa yfir sjálfstæði frá meginlandinu. ■



ALVÖRUR ÚTSALA

15-50% AFSLÁTTUR

Kaliber ferðagasgrill

20%
AF



2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm

23.996
Áður 29.995 kr.

50%
AF



LuTool fjölnota sög
/hjakktæki/juðari. 300W.

3.998
Áður 7.995 kr.

15%
AF



Hleðsluskrúfúvél
PSCS 11-12V 22Nm

7.391
Áður 8.695 kr.

20%
AF



**Lavor Predator 180
Digital háprýstidæla
með aukahlutapakka**

Mótor 2500W
Prýstingur Max: 180 bör
Vansflæði: 510 l/klst.

35.992
Áður 44.990 kr.

**Royal Garden
fjölnotataeki 3-in-1**

Sláttuorfi, hekkklippur, keðju-/greini
Kraftmikill 1,45kW tvígensis mótor 5

29.319
Áður 48.865 kr.

40%
AF



Harðparket,
og flísar

20-50%
AFSLÁTTUR

Frá kr.
1.440 pr.
m²

40%
AF



Hagmans Premium Classic palla-/tréolia 3L

2.097
Áður 3.495 kr.

40%
AF



Boloco vaskur
6.594 Áður kr. 10.990

25%
AF



Truper garðverkefari 4 í setti

1.397
Áður kr. 1.995

30%
AF



Cornwall
eldhústæki svart

12.634
Áður kr. 16.845

27.746
Áður 36.995 kr.

Pallahitari IRS2020

25%
AF



Guoren sturtuseti svart

19.496
Áður kr. 25.995

**BoZZ sturtuklefar m/stöng,
hitastýrðum blöndunartækjum og brúsu**

25%
AF

80x80x200
59.996
Áður kr. 79.995

90x90x200
65.996
Áður kr. 87.995

20-25%
AF

80x80x200
59.996
Áður kr. 79.995

90x90x200
70.396
Áður kr. 87.995

Ríga salerni með setu
m/stút í vegg

20.716
Áður kr. 25.895

20%
AF



CERAVID

3-6 lítra
hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara

43.188
Áður kr. 53.985

20%
AF



Skál:
RIMLESS
Scandinavian
design

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í **20 ár**
2002 - 2022

Íslandsstofa hefur staðið fyrir ýmsum markaðsherferðum í gegnum tíðina með það að markmiði að kynna Ísland sem áfangastað. Fagstjóri ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu segir að þessar herferðir séu að skila tilætluðum árangri.

magdalena@frettabladid.is

Ísland er eitt af þeim fimm löndum sem Bandaríkjamenn vilja helst ferðast til, samkvæmt nýlegri greiningu frá YouGov-greiningarfyrirtækinu á ferðavenjum á þessum stærsta og mikilvægasta markaði íslenskrar ferðaþjónustu. Önnur lönd á listanum eru Ítalía, Kanada, Bretland og Svíþjóð.

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu, segir að í þessari könnun taki Ísland talsvert stökk milli ára. Staðan rími vel við önnur gögn sem Íslandsstofu hafa borist undanfarið og þau sýni mikla aukningu í bæði áhuga og vitund um Ísland sem áfangastað.

„Það er ekki sjálfgefið að vera á þessum stað og þetta er afrakstur af markvissu markaðs- og sölustarfi um árabil. Það eru fjölmargir sem standa að því, innlend og erlend ferðaþjónustufyrirtæki auk okkar og annarra sem vinna í þágu áfangastaðarins.“

Íslandsstofa hefur staðið fyrir ýmsum markaðsherferðum í gegnum tíðina. Sú fyrsta var Inspired by Iceland en nýrri herferðir eru Looks like you need to let it out og Iceland-verse.

Markmið markaðsherferða Íslandsstofu fyrir áfangastaðinn Ísland er að efla vitund um Ísland meðal skilgreinds markhóps á lykilmörkuðum og skapa jarðveg fyrir markaðssetningu íslenskrar ferðaþjónustufyrirtækja.

Markaðsherferðirnar eru á vegum markaðsverkefnisins Ísland – Saman í sókn og fókus aðgerða er mótaður með greininni á opnum vinnustofum sem og á vettvangi stjórnar sem er skipuð fulltrúum greinar og stjórnvalda.

Sigríður Dögg segir að skýr merki séu um það að markaðsherferðir Íslandsstofu skili árangri. Kannanir sýni greinilega aukningu í áhuga á að ferðast til landsins hjá fólki sem sér auglýsingarnar.



Herferðin Iceland-verse vakti talsverða athygli í nóvember á síðasta ári. MYND/ADSEND

Ísland eitt af þeim löndum sem Bandaríkjamenn vilja helst ferðast til

”

Það er ekki sjálfgefið að vera á þessum stað og þetta er afrakstur af markvissu markaðs- og sölustarfi um árabil.



Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu

„Samkvæmt nýjum gögnum sem við höfum fengið erum við komin í þá sterku stöðu að vera á topp tíu lista yfir lönd sem fólk vill ferðast til á helstu mörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu, en það höfum við ekki séð áður.“

Sigríður Dögg bætir við að vísendingar séu um að markaðsherferðir fyrir áfangastaðinn Ísland séu að styrkja stöðu okkar í öðrum útflutningsgreinum.

„Þessar aðgerðir endurspeglar áherslur á að kynna Ísland sem heilsárs áfangastað, draga fram alla landshluta og stuðla að ábyrgri ferðahegðun.“

Aðspurð hvort ný markaðsherferð til að vekja athygli á Íslandi

sem áfangastað sé í bigerð svarar Sigríður Dögg því játandi.

„Við stefnum að því að setja í gang nýja markaðsherferð fyrir áfangastaðinn í október að óbreyttu. Við höfum undanfarin ár þurft að vera á tænum með tímasetningu aðgerða vegna óviðráðanlegra ytri þátta og erum því í góðri æfingu að vera sveigjanleg og taka engu sem gefnu.“

Sigríður Dögg segir að vinnan við að kynna Ísland sem áfangastað sé stöðugt verkefni sem muni aldrei klárast. Fram undan sé háönn í ferðasýningum og vinnustofum úti um allan heim. Íslandsstofa muni fara út með fjölda íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja á söluviðburði þar sem fyrirtækin munu eiga fundi

með erlendum ferðaskrifstofum til að skapa viðskiptasambönd. Þá er Íslandsstofa að skipuleggja heim-sóknir erlendra fjölmíðla til Íslands og vinna með almannatengslastofum að því að kynna Ísland á lykilmörkuðum.

„Við munum jafnframt vinna áfram að markaðsverkefninu Nature Direct sem snýst um að kynna flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum fyrir millilandaflug og er nú að skila góðri uppskeru. Svo erum við líka að vinna að því að laða ráðstefnur og hvataferðir til landsins í gegnum markaðsverkefnið Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau, en sá markaður er að taka við sér á ný.“ ■

Segir það alls ekki sjálfgefið að ríkið komi að

magdalena@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir í samtali við Markaðinn það ekki vera sjálfgefið að ríkisstjórnin geri grundvallarbreytingar á opinberum kerfum í tilefni af samningaviðræðum atvinnurekenda og launþega á markaði. Það sé þeirra að ná lendingu sín á milli um kaup og kjör og það sé mikill misskilningur að samningsaðilar eigi einhvers konar kröfu á ríkið í þeim viðræðum.

„Að því sögðu stefnum við auðvitað öll að sama markmiði. Það er að tryggja stöðugleika og hagsæld íslenskra heimila. Það er eðlilegt að ríkið og samningsaðilar vinni saman að því og það samstarf getur tekið á sig ýmsar myndir,“ segir Bjarni og bætir við að mikilvægt sé að samningsaðilar sýni ábyrgð og fórn ekki langtímaþögnleika fyrir skammtímaávinning.

„Auðvitað viljum við öll að kjör heimilanna batni áfram stöðugt með hverju árinu, en á þeirri vegferð gengur ekki að semja um aðgerðir sem á endanum hafa þverfug áhrif.“

Bjarni segir auk þess að hann hafi

”

Það er eðlilegt að ríkið og samningsaðilar vinni saman að því og það samstarf getur tekið á sig ýmsar myndir.

lengi talið æskilegt að færa okkur nær því fyrirkomulagi sem þekkt er á hinum Norðurlöndunum.

„Við segjum skýrt í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að við viljum stuðla að betri vinnubrögðum og aukinni skilvirkni. Þetta viljum við ekki síst gera með styrktu hlutverki ríkissáttasemjara, sem ég geri ráð fyrir að verði útfært nánar á kjörtímabilinu.“

Bjarni kveðst ekki hafa áhyggjur af komandi kjaraviðræðum. „Mín tilfinning er sú að fólk átti sig



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir gögn sýna að staða heimilanna hafi aldrei verið betri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

almennt á þeim hagsmunum sem eru undir og vilji nálgast hlutina af skynsemi. Ef það verður raunin þá sé ég ekki ástæðu til að hafa miklar áhyggjur. En ef viðræðurnar þróast til verri vegar er það auðvitað fljótt að verða áhyggjuþefni.“

Bjarni segir að verðbólgan sé þó

áhyggjuþefni. „Á samræmdan mælikvarða er verðbólga hér minni en víðast hvar í nágrannalöndum, og raunar sú næstlægsta í Evrópu á eftir Sviss. Hins vegar er rétt að við höfum ekki séð viðlíka tölur í langan tíma. Í maí réðumst við þess vegna í mótvægisáðgerðir til að

draga úr áhrifunum á viðkvæmstu hópa samfélagsins. Þar voru meðal annars bætur almannatrygginga og húsnæðisbætur hækkadar verulega og samþykkt að greiða sérstakan barnabótaauka.“

Bjarni bætir við að í júní hafi ríkisstjórnin farið í aðgerðir til að sporna gegn þenslu. „Þar lækkuðum við ferðakostnað ríkisins umtalsvert, drögum úr ýmsum útgjöldum, jukum aðhald og fleira. Hins vegar var engin aðhaldskrafa gerð á svið eins og almanna- og atvinnuleysis-tryggingar og heilbrigðisstofnanir en þar hafa útgjöld haldið áfram að vaxa verulega eins og undanfarin ár.“

Bjarni segir að staðan hafi hins vegar um margt verið mjög ákjósanleg síðustu misseri. Staða heimilanna hafi aldrei verið betri en í fyrra samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar og kaupmáttur hafi aukist mjög mikið síðustu ár.

„Við byggjum því á traustum grunni og verkefnið er fyrst og fremst að verja góðan árangur og tryggja stöðugleika. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra – ríkisins, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar.“ ■

Tækifæri í að endurhugsa markaðssetningu

Framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Sundra segir að fyrirtæki í dag þurfi að endurhugsa markaðssetningu til að ná meiri árangri. Markaðssetning hafi þróast mikið á síðustu árum og fyrirtækin verði að bregðast við.

magdalena@frettabladid.is

Nýsköpunarfyrirtækið Sundra vinnur að því að einfalda og sjálfvirknivæða efnismarkaðssetningu fyrir fyrirtæki.

Á bak við fyrirtækið standa þau Haukur Guðjónsson framkvæmdastjóri, Þórunn Jónsdóttir rekstrarstjóri og Magnús Þór Jónsson tæknistjóri. Þau eru reynslumikið teymi en samtals hafa þau yfir 50 ára reynslu af því að stofna og byggja upp fyrirtæki.


Haukur Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sundra, segir að mikil tækifæri og kostnaðarhagræði fyrir fyrirtæki sé fólgið í því að endurhugsa markaðssetningu.

„Markaðssetning yfir höfuð er búin að þróast mjög mikið á síðustu árum og þessar hefðbundnu auglýsingar eru ekki að skila sama árangri og hér einu sinni,“ segir Haukur og bætir við að með því að einbeita sér að markaðsefni sem skapar virði fyrir viðskiptavinum geti fyrirtæki búið til betra samband við hugsanlega viðskiptavinum og aðgreint sig frá samkeppninni.

„Það hefur sýnt sig að það kemur mjög vel út þegar fyrirtæki beita efnismarkaðssetningu, það er að segja skapi efni sem býr til virði fyrir fylgjendur. Þetta gætu til dæmis verið myndbönd sem deilt er á samfélagsmiðla, hljóðvörp, eða blogg færslur sem deila með fylgjendum einhverjum fróðleik eða skemmtun.“

Haukur útskýrir að Sundra sé að þróa hugbúnað þannig að frumkvöðlar og fyrirtæki þurfi aðeins að taka upp eitt myndband og hugbúnaðurinn umbreyti síðan myndbandinu í allt það markaðsefni sem fyrirtækið þarf á að halda.

„Við breytum myndbandinu yfir í texta sem hægt er að nýta í blogg færslur og tölvupósta. Síðan búum



Haukur starfar fyrir fyrirtæki á Íslandi en hinir tveir starfsmennirnir eru búsettir erlendis.

MYND/ADSEND

við til hljóðvarp út frá hljóðrásinni og svo sérsníðum við myndbönd fyrir hvern og einn samfélagsmiðil.“

Spurður um tilurð hugmyndarinnar segir Haukur að hún hafi kviknað út frá hans eigin reynslu. „Ég fékk að kynnast því persónulega hvað þessi vinna var tímafrek og erfið. Ég var að eyða hátt í fimm klukkustundum í hverri viku við að búa til eitt markaðsefni og aðlaga það á alla miðlana. Ég reyndi að ráða utanaðkomandi til að sjá um þetta fyrir mig en það var virkilega óáreiðanlegt og dýrt. Út frá þessu kviknaði hugmyndin að Sundra og í dag get ég gert sömu vinnuna á fimm mínútum með Sundra og ég gerði áður á fimm klukkustundum.“

Sundra er eitt af þeim tíu fyrir-



Markaðssetning yfir höfuð er búin að þróast mjög mikið á síðustu árum og þessar hefðbundnu auglýsingar eru ekki að skila sama árangri og hér einu sinni.

tækjum sem taka þátt í Startup Supernova í ár. Haukur segir að með þátttökunni vonist hann til að bæta tengslanetið og fullmóta hugmyndina.

„Við vonumst til að hitta þessa flottu mentora og fá ráðgjöf og stuðning til þess að koma hugmyndinni að fyrirtækinu á næsta stig. Við erum nú þegar búin að fara á marga góða fyrirlestra og teymin sem taka þátt eru öll mjög flott. Það eitt að umgangast þau sparkar dálítið í rassinn á manni.“

Haukur segir að vara fyrirtækisins komi út á næstu vikum og fyrirtækið sé þegar komið með nokkra aðila til að prófa vöruna. Fyrirtækið stefni þó ekki á Íslandsmarkað heldur sé varan hugsuð fyrir fyrirtæki á

erlendri grundu sem vilji markaðssetja sig á samfélagsmiðlum með því að selja sérþekkingu sína.

„Flest fyrirtæki eru ekki að nýta samfélagsmiðla, póstlista og markaðsmiðla með réttum hætti einfaldlega út af því að þau hafa ekki tímann í það. Lykillinn að árangri á öllum miðlum er að gefa út efni reglulega og okkar vara gerir þessum fyrirtækjum kleift að búa til markaðsefni með einföldum og hröðum hætti.“

Haukur segir jafnframt að fyrirtækið hafi fengið jákvæð viðbrögð frá þeim aðilum sem hafa prófað vöruna. „Þetta lofar mjög góðu enn sem komið er en fram undan hjá okkur er áframhaldandi þróunarvinna í samstarfi við viðskiptavinum.“ ■

Paylink varð til eftir árás tölvuþrjóta

gunnars@frettabladid.is

Paylink er ný greiðsluleið á vegum fjártæknifyrirtækisins SalesCloud. Upphaflega var Paylink hugsað sem greiðsluleið til þrautavara þegar hefðbundin kerfi bregðast.

„Við höfum verið að þróa þessa lausn síðan í september í fyrra eftir að tölvuþrjótar gerðu risastóra árás á öll greiðslukerfi. Fyrirtæki lentu í því að kerfin lágu niðri í á aðra klukkustund og lærdómur okkar af því var að við verðum að geta búið upp á varaleið fyrir okkar viðskiptavinum þegar slík vandamál skapast,“ segir Rúnar Levi Jóhannsson, forritari hjá SalesCloud.

„Það var svona upprunalega hugmyndin en svo vatt þetta upp á sig og við fórum að sjá að með þessu bjóðast aðrir möguleikar sem geta hentað við mörg tilefni sem hafa í raun ekkert með slíkar árásir að gera.“

Paylink virkar þannig að með QR-kóða geta viðskiptavinir einfaldlega klárað viðskiptin og gengið frá greiðslu án þess að fara að afgreiðsluborðinu eða reida sig á hefðbundin kassakerfi.


„Ef við tökum veitingastaði sem dæmi, þar sem viðskiptavinir fá reikning á borðið eftir máltíðina, þá er sáraeinfalt að skanna kóðann og ganga þannig frá greiðslunni í símanum. Þá þarf ekki að kalla aftur á þjóninn eða fara að einhverju afgreiðsluborði,“ segir Rúnar.

„Svo býður Paylink líka upp á að fólk skipti greiðslum eða bæti við þjóf. Þannig að við höfum verið að þróa við þetta ákveðnar viðbætur sem spara bæði viðskiptavinum og starfsfólki sporin.“

Rúnar segir Paylink þannig hafa þróast yfir í sér þjónustu og í raun enn eina leiðina til að gera greiðsluferlið einfaldara og þægilegra.

„Það má eiginlega segja að þetta sé dæmi um það hvernig ákveðinn vandi leiðir af sér vöruþróun sem leysir mun fleiri vandamál en upphafleg markmið gáfu til kynna.“

Fjártæknifyrirtækið SalesCloud sér litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir sölukerfi í skýinu. Félagið hefur vaxið hratt á undanförunum árum og afgreiddi til að mynda yfir 4 milljónir viðskiptavina árið 2021. ■



Rúnar Levi Jóhannsson, forritari hjá SalesCloud, segir Paylink gott dæmi um vöruþróun sem tekur á sig aðra og stærri mynd en upphaflega var gert ráð fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í járnum



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Þriðjungur landsmanna nær ekki endum saman um mánaðamót eða gerir það með naumindum, ef marka má nýja könnun Fréttablaðsins, sem fjallað var um á forsíðu blaðsins í gær.

Kjarasamningar flestra launþega í landinu renna út á næstu mánuðum. Talsmenn atvinnulífsins eru þegar farnir að senda út sín venjubundnu varnaðarorð um að svigrúm til launhækkana sé ekki fyrir hendi, en miðað við niðurstöðu könnunarinnar þarf alþýðan að fara að bretta upp ermar því staðan hefur versnað frá síðasta ári, þegar fjórðungur landsmanna var í vandræðum eða á nippinu fjárhagslega.

Samkvæmt könnuninni hefur láglaunafólkið það verst, eins og við er að búast. Það kemur því ekki á óvart að forsvarsfólk Eflingar, og þeirra stéttarfélaganna sem gæta hagsmuna stétta sem lægst hafa launin, sé að brýna sig fyrir komandi baráttu.

Þegar rýnt er betur í könnunina kemur einnig í ljós að fólk á leigumarkaði er í áberandi verri aðstöðu til að ná endum saman en fólk sem býr í eigin húsnæði. Rúmlega tuttugu prósent íslenskra heimila eru í leiguhúsnæði. Um fjórtíu prósent þeirra ná endum saman með naumindum, níu prósent til viðbótar eru að ganga á sparifé sitt og átján prósent eiga ekkert sparifé til að ganga á og safna skuldum. Þetta eru samtals 66 prósent þeirra sem eru á íslenskum leigumarkaði og eflaust sama fólkið og á hvorki fyrir útborgun í eigið húsnæði, né kærir sig um að flytja út á land þar sem ríkið býður hlutdeildarlán sem virðist af einhverjum ástæðum ómögulegt að fá á höfuðborgarsvæðinu.

Lifandi leigumarkaður hefur ekki blómstrað á Íslandi svo lengi sem elstu menn muna. Kannski aldrei. Það er synd því þak yfir höfuðið er svo snar þáttur í lífi fólks og í valinu felst mikið frelsi. Sá litli markaður sem fyrir hendi er, er annað hvort í lokuðum kerfum fyrir námsmenn, öryrkja og fólk sem lifir undir fátæktarmörkum og nýtur réttar til félagslegs leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaganna, eða frjálsi leigumarkaðurinn sem býður í flestum tilvikum ekki upp á annað en óöryggi og okur.

Allt bendir til þess að sú samningalota sem fram undan er á vinnumarkaði verði hörð. Til að liðka fyrir henni er þess vænst að ríki og sveitarfélög leggi til einhverjar lausnir í húsnæðismálum. Það væri sterk innkoma að móta betri umgjörð um leigumarkað með góðum opinberum stuðningi fyrir leigjendur, bæði þá sem þurfa sérstakan stuðning aðstæðna sinna vegna og fyrir þá sem velja, frelsisins vegna, að vera á leigumarkaði. ■

”
Miðað við niðurstöðu könnunarinnar þarf alþýðan að fara að bretta upp ermar því staðan hefur versnað frá síðasta ári.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is
benediktboas@frettabladid.is

Gosórói ferðamanna

Útlendingar sem hingað eru komnir til að njóta lystisemda landsins og ekki sist óspilltrar náttúru eru ekki sáttir við okkur heimamenn. Hvergi í heiminum getur nú að líta óspilltari náttúru en einmitt í Meradölum á Reykjaneskaga þar sem náttúran bókstaflega sprettur upp úr sjálfri sér þessa dagana. Bregður þá svo við að hinum góðu gestum er haldið frá öllu fjörinu af íslenskum amlöðum sem mega ekki sjá lauf bærast í vindi án þess að stökkva í skjól. Nema náttúrliga þegar þarf að fara upp á heidi og fiska týnda og úrvinda túrista upp úr lægðum og gjótum í slagveðrinu.

Gul barnaviðvörðun

Lögreglustjórnin á Suðurnesjum skellti gulum miða á eldgosid. Bannaði börnum yngri en 12 ára að skoða sjónarspil náttúrunnar. Nú mega börn ekki lengur taka göngutúr með foreldrum sínum þar sem lögreglan þykist hafa eitthvað betra við tíma sinn að gera en að bera örmagna krakka-orma niður af gosstöðvunum.

En lögreglan ætti ekki bara að banna fullorðinsgosid. Það er til miklu fleira sem ætti að banna. Til dæmis að setja á sig brúnkusprey eða mæta með hátalara í veiði. Eða bara að ganga of langt almennt. Slíkt ætti að banna. ■

Einföldunarbyltingin



Guðlaugur Þór
Þórðarson
umhverfis-,
orku- og loftslags-
ráðherra

Það er mikilvægt að styðja við og styrkja rekstrargrundvöll litilla og meðalstórra fyrirtækja, þau eru drifkrafturinn í efnahagslífinu. Það er sömuleiðis markmið að einfalda líf fólks í landinu. Það var því ánægjulegt að skrifa undir reglugerð nú í sumar, sem tekur gildi í nóvember, sem bæði einfaldar líf litilla og meðalstórra rekstraraðila og styrkir rekstrargrundvöll þeirra.

Fimm dagar í stað átta vikna

Reglugerðin snýr að skráningarskyldum atvinnurekstri og gildir hún um 47 mismunandi atvinnugreinar. Bifreiða- og vélaverkstæði, hársnyrti-, nudd- og sólbaðsstofur og bílaþvottastöðvar eru allt dæmi um skráningarskyldan atvinnurekstur sem reglugerðin nær til.

Í stað þess að þessir aðilar þurfi að sækja um starfsleyfi hjá mismunandi heilbrigðisnefndum og þurfi svo að bíða í fleiri vikur eftir niðurstöðu, sem hefur almennt tekið 4-8 vikur, þá geta rekstraraðilar nú skráð reksturinn í miðlæga gátt.

Ábyrgðin er sett í hendur rekstraraðila og í miðlægru gátt verða þeir leiddir í gegnum ferlið skref fyrir skref og geta hafið rekstur fimm dögum síðar, standist þeir sett skilyrði.

Einn viðkomustaður

Þetta er stórt skref í átt að rafrænni stjórnsýslu og einföldun á regluverki og verður miðlæga gáttin því svokallað „One stop shop“. Þetta auðveldar einnig heilbrigðisnefndunum að sinna sínu eftirlitshlutverki í stað þess að tími og orka fari í leyfisveitingar.

47 atvinnugreinar geta nú skráð starfsemi sína á einum stað og stjórnvöld veita í leiðinni betri þjónustu og bæta regluverk til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf.

Stjórnmalámennt eiga að einfalda líf fólks og fyrirtækja í landinu og hið opinbera á ekki að leggja stein í götu þeirra sem ætla sér að hefja eigin rekstur. ■

”
Þetta er stórt skref í átt að rafrænni stjórnsýslu og einföldun á regluverki og verður miðlæga gáttin því svokallað „One stop shop“.

ILVA

4. - 23. ÁGÚST

BORÐSTOFUDAGAR

20-40%

AFSLÁTTUR

KAUPTÚN 1, GARDABÆR | NORÐURTORG, AKUREYRI | ILVA.IS

Slá tvö hjörtu í brjósti umhverfisráðherra?



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og
dýraverndarsinni

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, er Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfisráðherra, veiðimaður. Hann hefur stundað hreindýraveiðar og jafnvel birt myndir af sér yfir dauðu hreindýri á netinu, glaðbeittur á svip og stoltur, að sjá, yfir því, að hafa drepit saklaust og varnaraust dýrið. Sumir telja slíkt afrek. Ekki virðist því mikill varmi í hjarta umhverfisráðherra gagnvart villtum dýrum.

Hlutverk umhverfisráðherra

Það er kaldhæðnislegt, að veiðimaður skuli vera skipaður umhverfisráðherra, en Bjarni Benediktsson, sem að því stóð, er betur þekktur fyrir annað, en sérstaka virðingu fyrir náttúru landsins og lífríkis þess.

Flestir skilja, að láð, loft og lögur, fána og flóra, mynda eina samverkandi og örjúfanlega heild, sem öll á að vera verk- og ábyrgðarsvið umhverfisráðherra. Kannske skilur Bjarni þetta ekki, en vonandi Guðlaugur Þór.

Með því falla auðvitað villt dýr, hér hreindýr, líka undir ábyrgðarsvið umhverfisráðherra.

Skipta hreindýr máli?

Fána Íslands er fábreytileg. Villtar dýrategundir eru örfaar. Fyrir alla, sem vilja viðhalda því dýraríki, sem er, eru hreindýrin því mikilvæg, enda falleg dýr og tignarleg, sem auðga náttúru og umhverfi.

Hreindýrin skipta líka máli fyrir ferðaþjónustuna, en víða um heim eru hreindýrin og ímynd þeirra nátengd jólahaldi og jólagleði. Hafa því margir ferðamenn, ekki sízt fjölskyldufólk, börn, af því gleði, að fara austur og leita þar hreindýra.

Eru hreindýraveiðar nauðsynlegar?

Nú eru hreindýrin 5-6.000, á sama tíma og 700-800.000 fjár eru á fjalli og hestar, mest í útigangi, eru 70-80.000. Þannig eru minnst 800.000 grasbítar í landinu, og fjöldi hreindýra því undir 1%.

Mín vegna mætti því leyfa hreindýrum að breiða úr sér um landið, og er líklegt, að náttúran sjálf myndi stýra fjölda skv. umhverfi og lífsskiptum.

Á Svalbarða lifa um 22.000 hreindýr á langtum minna svæði, en hreindýrin hér. 1980 voru þau rúm 10.000. Fjölgun því hæð.

Í Svíþjóð eru um 400.000 elgir, sem eru miklu stærri og þurftarmeiri dýr en hreindýr.

Fara veiðarnar fram af mannúð og virðingu við dýrin?

Ekki á allan hátt. Af þeim hreindýrum, sem voru drepin sumaríð 2018, voru 33 dýr með gömul skotsár, með sár og áverka, sem þau höfðu lifað af, kannske með miklum hörmungum og kvalræði, til þess eins að verða skotin aftur.

Veiðimenn og leiðsögumenn hafa þó skuldbundið sig til, að elta uppi særð dýr og aflifa.

Hversu mörg dýr skyldu hafa verið skotin, meidd og limlest, án þess að drepast strax, en hafa sváið drottinn sínum, eftir lengri eða skemmri píslargöngu, er svo önnur spurning.

Þetta finnst veiðimönnum, leiðsögumönnum, Umhverfisstofnun (UST), Náttúrustofu Austurlands (NA) og umhverfisráðherra greinilega í lagi.

Alla vega er þetta látið gott heita.

Önnur hlið og enn verri!

1. ágúst sl. máttu veiðimenn byrja að skjóta hreinkýr. Þær eru þó allflestar með kálfa, en þar sem þeir fæðast seinni hluta máí, jafnvel fram í júní, eru þeir yngstu rétt 8 vikna, þegar farið er að drepa mæður þeirra frá þeim.

Allir, sem eitthvað vilja vita, vita auðvitað, að engin 8 vikna spendýr, hvorki hvolpar, lömb, kálfar né fölöld, hafa náttúrulega burði til að standa á eigin fótum, ein með sjálfum sér, enda drekka hreinkálfar móðurmjólkina minnst til 5 mánaða aldurs.

Er þetta hreinkúadráp, með og frá 1. ágúst, því hrein misþyrming á kálfunum, fyrir undirrituðum dýraníð af verstu gerð.

Tilmæli UST um, að geldar kýr séu mest veiddar fyrstu 2 vikurnar, eru bara yfirklor.

600 kálfar fórust úr hungri og vösbúð veturinn 2018-2019

Skv. skýrslu, sem NA gaf út 2019, var meðaldánartíðni hreinkálfa þann vetur 21%. Var dánartíðnin frá 9% upp í 45% eftir svæðum. Talan 45% er auðvitað ógnvekjandi; annar hver kálfur fórst.

Skv. öðrum upplýsingum NA, taldist undirrituðum til, að 600 kálfar hefðu farið þennan vetur, sem þó var mildur.

Engum blöðum er um það að



Það verður spennandi að sjá, hvort hjartað slær fyrir ungvíðinu, burðalítlum hreinkálfum, þegar á það reynir næst.

fletta, að flestir þessir kálfar hafa verið móðurlausir ræflar.

Rangfærslur leiðsögumanna og NA

Í viðtali við Vísi sagði formaður félags leiðsögumanna hreindýra-veiðimanna, sem teljast verður talsmaður NA líka, þetta: „Í rauninni höfum við ekkert í höndunum um það, að það (lengdur gríðatími kálfa) breyti einhverju fyrir kálfana, af því að sú rannsókn er ekki til“.

Þetta sýnir auðvitað lágkúruna, sem á bak við þessar veiðar býr, ósannindin, því að það eru til margvíslegar heimildir, vísindagreinar, sem sýna og sanna, hversu erfitt uppdráttar ungvíð, sem misst hefur móður sína, á sér. Hér eru nokkrar slíkar:

„Kálfur, sem missir móður sína, hefur minni lífslíkur að vetri, þar sem hann nýtur ekki mjólkur né leiðsagnar hennar við beitina“ (Sjennberg and Slagsvold“ (1968)).

„Það hefur afgerandi þýðingu fyrir afkomumöguleika afkvæma stórra spendýra á norðurhveli jarðar og möguleika þeirra til að lifa af, hversu lengi og í miklum mæli þau njóta umhyggju og umönnunar foreldra“ (Stearns (1992)).

„Niðurstaðan var, að færri móðurlausir kálfar lifðu af en þeir, sem móður áttu (Joly (2000)).

„Munaðarleysingjum, sem eru lægstir í goggunarröðinni, er oft ýtt út í jaðar hópsins“ (Green et al. (1989)).

„Kostir náins sambands móður og afkvæmis, umfram mjólkurgjöf, felast í umönnun, vernd og kennslu móður á grunnvenjum, nýtingu beitilands, leiða til að lifa af og leita sér skjóls“ (Lent (1974)).

Manndómur Fagrads um velferð dýra

Fagråd um velferð dýra er skipað yfirdýralækni, Sigurborgu Daðadóttur, og fulltrúum fjögurra samtaka, sem tengjast dýrahaldi og dýravelferð. Á það að vera Matvælastofnun (MAST) og þar með UST og umhverfisráðherra „... til ráðuneytis um stefnumótum og einstök álitaefni, er varða málefni á sviði velferðar dýra“ skv. lögum.

Haustið 2019 beindi Fagråd þessum tilmælum til MAST, UST og umhverfisráðherra: „að kýr verði ekki skotnar frá kálfum yngri en þriggja mánaða...“. Þetta hefði þýtt, að veiðitími kúa hefði ekki mátt hefjast fyrr en 1. september, í stað 1. ágúst. Hefði verið spor í rétta átt.

Á fundi MAST, UST, NA og umhverfisráðuneytisins í janúar 2020, áréttaði svo Fagråd þó tilmæli sín um bætt velferð hreinkálfa með því að mælast til, að hreinkýr yrðu ekki drepnar frá kálfum sínum svo lengi, sem þær væru mjólkandi, sem var auðvitað málefnaleg og mannúðleg hugsun og tillaga.

Skv. henni hefði fyrst mátt veiða hreinkýr 1. nóvember, þegar kálfar væru 5 mánaða. Hefði staða þeirra gagnvart vetri og lífsbaráttunni þá auðvitað verið miklu betri.

UST, NA og þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, sem átti að heita Vinstri grænn, gerðu hins vegar ekkert með þetta. Völd veiðimanna og hagsmunaáðila eru mikil.

Hvað gerir Guðlaugur Þór?

Veiðimál Guðlaugs Þórs voru nefnd hér í upphafi, og kalt hjarta hans gagnvart þeim.

Nú má, hins vegar, sjá á Facebook, að Guðlaugur Þór á Golden Retriever hund, fallegan og gerðarlegan, sem Guðlaugi er greinilega annt um, hefur mikið með sér og hefur dálæti á.

Í brjósti hans býr því annað hjarta, milt og hlýtt, gagnvart hundinum góða.

Það verður spennandi að sjá, hvort hjartað slær fyrir ungvíðinu, burðalítlum hreinkálfum, þegar á það reynir næst.

Sannur innri maður Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, umhverfisráðherra, kemur þá fram. ■

MARKAÐURINN



MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGA KL. 19.00
OG AFTUR KL. 21.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni.



HRINGBRAUT

Opið bréf til seðlabankastjóra: Búðu þig undir það versta



Ian McDonald
verkamaður og
félagi í Eflingu-
stéttarfélagi

Ég skrifaði eftirfarandi sem viðbragð við viðtalinu þar sem Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði að verkafólk á Íslandi ætti ekki að búast við launahækkunum í komandi kjarasamningum. Ásgeir sagði að Seðlabankinn myndi neyðast til að grípa til aðgerða ef launahækkunarir væru taldar „óraunhæfar“ eða „út úr korti“.

Ég skrifa sem aðfluttur lágláunamaður sem starfar í iðnaði, og sem einn af þeim sem eiga líf sitt og velferð beinlínis undir ákvörðunum Seðlabankans.

Við erum verkafólk

Við eldum hádegisverðinn þinn og færum þér kaffi.

Við gerum við bilinn þinn, malbikum vegina þína og fjarlægjum ruslið þitt.

Við tryggjum að þú sért með rennandi vatn og rafmagn, við gætum barnanna þinna og þrífum heimili þitt.

Við byggðum samfélagið þitt og berum ábyrgð á að halda því gangandi.

Við slítum okkur út í skiptum fyrir lúsarlaun og skriðum heim í lok dags bara til að sofna og byrja upp á nýtt daginn eftir.



Við erum grundvöllurinn og undirstaða alls sem þér er heilagt.

Við erum grundvöllurinn og undirstaða alls sem þér er heilagt, en þrátt fyrir það virðist þú hafa gleymt gríðarlegu mikilvægi okkar.

Stundum gerast breytingar með einni stórrí skriðu, jarðskjálfta sem hristir samfélagið inn að kviku.

En í öðrum tilvikum eru það þúsund litlar hreyfingar, svo miklu

stærri en summan af pörtunum.

Hreyfing eins og það að höndin láti frá sér verkfærið og neiti að taka það upp aftur. Margfölduð aftur og aftur.

Þú segir að við eigum ekki að biðja um að hafa það betra. Ég segi að þú eigir að búa þig undir það versta. ■

Hroki og hleypidómar



Birkir Leósson
endurskoðandi

Undirritaður hefur í tveimur greinum hrakið rangar fullyrðingar og ásakanir hagfræðiprófessors við Háskóla Íslands varðandi endurskoðun, reikningsskil og fleira. Hroki og hleypidómar eru ekki góðir fórunautar í málflutningi og því síður ítrekaðar ásakanir og ósannindi. Slíkur málflutningur sýnir að málstaðurinn er ekki góður.


Í nýrri grein prófessorsins telur hann að stjórnendur eigi að gera tilraun í ársreikningi til að meta verðmæti eigna, þar á meðal kvóta sem ekki er til skráð opinbert markaðsverð á. Hann telur ekki nóg að veita upplýsingar um nauðsynlegar staðreyndir um viðkomandi eignir eða réttindi þannig að upplýstur lesandi geti myndað sér skoðun. Sagan geymir ýmis dæmi um stórslys þegar eigendur tóku sér sjálfðæmi um að meta eignir félaga sinna með hugmyndafræði prófessorsins að leiðarljósi.

Prófessorinn hefur sjálfur gert tilraun til að meta aflaheimildir Vísis hf. og ofmat þær gróflega. Sem endurskoðandi hefði undirritaður ekki skrifað upp á að ársreikningur, með slíkum getgátum og ofmati eigna sem prófessorinn var með, gefi glögga mynd.

Í stað þess að viðurkenna mistök sín er niðurstaða prófessorsins að hans mat hafi verið rétt en hluthafar Vísis hf. hafi gefið Síldarvinnslunni hf. meira en helming eigna sinna! Í tilkynningu Síldarvinnslunnar til kauphallar í tilefni af kaupum á Vísi upplýstu stjórnendur hennar ekki um þessa meintu 20-30 milljarða „gjöf“ (skattskyldar tekjur) sem prófessorinn telur félagið hafa fengið. Ef satt væri þá væri það mjög alvarlegt lögbrot.

Hagfræðiprófessorinum virðist ekki koma til hugar nein önnur skýring. Hagfræðingurinn Þórður Gunnarsson var með faglega umfjöllun um málið í grein á visir.is, 13. júlí sl., með tilgátu um hvernig verð í viðskiptunum kunni að hafa verið ákveðið.

Þekking prófessorsins á reikningsskilum og fjármálafræðum virðist ekki mikil. Hann virðist nú vera átta sig á að ekki er samræmi á milli bókfærðs eigin fjár félaga og raunvirðis þeirra. Til upplýsinga bar undirritaður saman markaðsverð



Undirritaður hefur nú kært hagfræðiprófessorinn til síðanefndar Háskóla Íslands vegna þess að hann réðst með mjög grófum hætti að starfsheiðri, faglegum vinnubrögðum og æru minni.

alls hlutafjár og bókfært eigið fé skv. síðasta árshlutareikningi nokkurra þekktra félaga á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum og Íslandi. Niðurstaðan var: Apple, markaðsverð 39,5 sinnum hærra en bókfært eigið fé; Coca-Cola, markaðsverð 6,6 sinnum hærra en bókfært eigið fé; Eimskip, markaðsverð 2,9 sinnum hærra en bókfært eigið fé; Hagar, markaðs-

verð 2,9 sinnum hærra en bókfært eigið fé; Marel, markaðsverð 3,5 sinnum hærra en bókfært eigið fé. Samkvæmt skilgreiningum hagfræðiprófessorsins eru árshluta-reikningar og ársreikningar allra þessara félaga rangir, skáldskapur! Miklir menn erum við, Hrólfr minn!

Tilvísanir prófessorsins um að ákveðin ummæli undirritaðs brjóti gegn 23. og 24. gr. laga númer 94/2019, sem fjalla um óhæði endurskoðenda við endurskoðun, eru út í hött og sýna fáfræði prófessorsins um efnid.

Prófessorinn snýr nú við blaðinu varðandi ástæður þess að Vísir fékk lækku á veiðigjaldi fyrir 10 árum síðan. Ástæðuna segir hann nú kunna að vera að eignastada félagsins hafi verið mun betri en endurskoðaður efnahagsreikningur gaf til kynna en í fyrri greinum sagði hann ástæðuna með stóryrtum yfirlýsingum vera þá að eiginfjárstaðan hafi vísitandi verið sýnd ranglega verri en hún í raun var í þeim tilgangi að félagið fengi aflslátt af veiðigjöldum, sem sagt fjárvik!

Staðreyndin er þó að samkvæmt lögum um veiðigjöld áttu aðilar

rétt á lækku veiðigjalda í nokkur ár vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum ef þeir uppfylltu ákveðin skilyrði. Byggt var á upplýsingum um kaup á aflahlutdeildum og vöxtum af skuldum en ekki á bókfærðu eigin fé.

Ítrekað talar prófessorinn til litillækkunar um „íslenska endurskoðunarvenju“ þó engin slík sé til. Endurskoðun er unnin samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum hér á landi eins og víðast hvar.

Prófessorinn heldur fram þeim ósannindum að ársreikningaskrá hafi ekkert eftirlitshlutverk með túlkun stjórnenda fyrirtækja eða endurskoðenda á ákvæðum ársreikningslaga sem fram kemur í ársreikningum. Staðreyndin er hins vegar að ársreikningaskrá hefur ótvíræða eftirlitsskyldu með þessu skv. 117. gr. laga um ársreikninga. Þannig hefur ársreikningaskrá oft beint tilmælum um að bætt verði úr og hafnað ársreikningum sem hún telur ekki uppfylla laga-skilyrði.

Hagfræðiprófessorinn virðist ekki hafa þor til að senda formleg erindi til opinberra eftirlitsstofnana eins og undirritaður skoraði á hann að gera til að fá úrskurði um hvort stóryrtar ásakanir hans ættu við rök að styðjast. Hann veit væntanlega sem er, að svo er ekki og einnig að eftirlitsstofnanir svara ekki tilefnislausum ásökunum í fjölmiðlum.

Undirritaður hefur nú kært hagfræðiprófessorinn til síðanefndar Háskóla Íslands vegna þess að hann réðst með mjög grófum hætti að starfsheiðri, faglegum vinnubrögðum og æru minni. Prófessorinn fjallar um reikningsskil og endurskoðun en því miður af þekkingarleysi og hroka. Hann hefur uppi stóryrtar og rangar fullyrðingar. Undirritaður telur slíkan mann vart marktækan í opinberri umræðu og sé ég því engan tilgang að standa í frekari deilum við hagfræðiprófessorinn í fjölmiðlum.

Það er fjarri öllu sanni að undirritaður sé með kærinni að letja til umræðu á opinberum vettvangi um sjávarútvegsmál eins og prófessorinn heldur fram. Þvert á móti hvetur undirritaður til faglegrar og málefnalegar umræðu um sjávarútvegsmál sem og önnur. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ



MIÐVIKUDAGUR 10. ágúst 2022

Velkomin!



Helgina
11.-14. ágúst

Fjölbreytt
dagskrá fyrir alla
fjölskylduna:

- Listsýningar og markaðstorg
- Opnar vinnustofur og gallerí
- Ljósabolti, þrautabraut og froðubolti fyrir alla hressa
- Tónlistarveisla, uppistand og gleðitónleikar
- Kvöldvaka, brekkusöngur og glæsileg flugeldasýning
- Lífið í gördum bæjarins, ræktun og myndlist
- Söguferðir, fornbílar og jóga

Veitinga- og þjónustuaðilar í Hveragerði bjóða gesti velkomna.

Blómstrandi stemming,
markaðir, tilboð og fjör
um allan bæ.

Sjá dagskrá á www.hveragerdi.is
Blómstrandi dagar 2022
Blómstrandi dagar í Hveragerði
#blómstrandidagar



HVERAGERÐI
- blómstrandi bæ!

Ætlar sér ekki að stofna handboltalið í Hveragerði



Handboltahetjan Geir Sveinsson er nýr bærstjóri í Hveragerði. Hann hefur sterkar taugar til bæjarins og hlakkar til að sameina fjölskylduna í þeim fagra bæ. Hann er fullur eftirvæntingar að hitta bæjarbúa og gesti Hveragerðis á bæjarhátíðinni Blómstrandi dögum sem hefst á morgun og stendur út vikuna.

Geir Sveinsson er réttur maður á réttum stað í heilsubænum Hveragerði, og segir is og blóm, sem líka einkenna bæinn, höfða til sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég á margar góðar minningar frá Hveragerði. Þær fyrstu eru frá æskuárunum þegar fjölskyldan fór í sunnudagsbílura yfir heiðina og niður Kambana í Hveragerði til að skoða apann hjá Michelsen og sleikja ís í gamla Eden, sem var sveipað ævintýraljóma. Ég á líka mjög skemmtilegar minningar frá árinu 1995 þegar HM í handbolta var haldið á Íslandi og íslenska handboltalandsliðið var með þriggja vikna aðsetur á Hótel Örki í Hveragerði, en keyrði yfir heiðina til að keppa í Reykjavík. Þá kynntumst við strákarnir bænum vel og þótt okkur hafi gengið illa á mótinu á ég ekkert nema ljúfar

minningar frá Hveragerði og hef alla tíð síðan borið taugar til bæjarins.“

Þetta segir Geir Sveinsson, fyrrverandi leikmaður og þjálfari íslenska landsliðsins í handbolta, og nú nýr bærstjóri í Hveragerði. „Það gerðist allt mjög hratt. Ég rakst á frétt sem vakti athygli mína í vor: um að auglýst væri eftir bæjar- og sveitarstjórum um allt land, þar á meðal í Hveragerði. Það vakti áhuga minn og ég ákvað að sækja um í Hveragerði, fyrst og síðast vegna þess að ég hef haft tengingu við bæinn í gegnum árin, tækifærin þar eru gríðarmörg og Hveragerði er einfaldlega

skemmtilegur og góður bæ sem hægt er að gera enn betri,“ útskýrir Geir.

Ekki svo ólíkt handboltanum

Það vó þungt í ráðningu Geirs að hann er metnaðarfullur leiðtogi sem er góður í að vinna með fólki, markmiðadrifinn og með sterka sýn.

„Já, ég hef komið víða við og unnið í ólíkum geirum, en eftir að hafa verið bæði leikmaður og síðar þjálfari í handbolta, lít ég svo á að það sé ekki svo frábrugðið því að vera bærstjóri. Ekki síst þegar ég starfaði sem þjálfari Magdeburg í þýsku úrvalsdeildinni. Þar vandist

ég ákveðinni stjórnsýslu og samstarfi með fólki þar sem allir þurftu að hafa sama markmið. Í bærstjórn Hveragerðis á það sama við, rétt eins og í íþróttunum, að við höfum öll sama markmið, sem er að þjónusta bæjarbúa sem best og ná árangri í því sem við gerum. Til þess þarf að virkja alla og allir að stefna að því sama,“ segir Geir.

Nýlega fór íbúafjöldi Hveragerðis yfir 3.000 manns og hefur ekkert sveitarfélag vaxið jafn mikið á einu ári.

„Til Hveragerðis flyst nú mikið af ungu fólki og barnafólki. Það sér sömu tækifæri og ég hér í Hvera-

gerði, þar sem það hefur allt til alls, og áttar sig á gæðunum sem felst í því að búa í smærra samfélagi, utan við skarkala borgarinnar og þaðan sem stutt er í náttúruna. Það skiptir máli og það þekki ég sjálfur eftir að hafa búið í þýskum bæ sem er álíka stór og Hveragerði og nálægt miklu skóglendi. Það varð einmitt til þess að ég freistaði þess að sækja um bæjarstjórstöðuna hér því mér þótti spennandi tilhugsun að lifa og starfa í Hveragerði.“

Hann segir áskoranir nýrrar bæjarstjórnar margar.

„Það felst auðvitað mikil áskoranir í því að gera bæjarbúa sátta og ekkert einfalt þegar vöxturinn er svona mikill, því allir vilja hafa aðgang að leikskólum, skólum og þjónustu. Ég veit fyrir vist að það er allt í góðum málum en við ætlum að gera enn betur og okkar leiðarljós að þjóna bæjarbúum og gera allt fyrir bæinn okkar,“ segir Geir.

Gefa sonunum íslenskar rætur

Geir hefur búið í samtals tuttugu ár í útlöndum þar sem hann hefur átt farsælan feril sem handbolta- maður og þjálfari, en nú stefnir hann á flutninga til Hveragerðis.

„Við höfum undanfarin tíu ár búið í Austurríki og Þýskalandi en það var komið á dagskrána að flytja heim þar sem þrjú af fimm börnum okkar búa nú heima á Íslandi. Við erum líka með tvo unga drengi á skólaaldri og þurftum að gera upp við okkur hvort við ætluðum að gefa þeim tækifæri á að eignast íslenskar rætur. Það átti þátt í því að við fórum að líta meira heim og færa radarinn aðeins til, og þannig kom þetta til, þótt við séum örlítið fyrir á ferðinni heim en við ætluðum okkur,“ greinir Geir frá.

Hann segir langa búsetu í útlöndum hafa gefið sér dýrmæta reynslu sem nýtist líka vel í bæjarstjórstöðunum.

„Við höfum átt afar góðan tíma úti og þar leið okkur einstaklega vel, enda allt umhverfi til fyrirmyndar, allt til alls og drengjunum gekk mjög vel í skóla. Veðurfarið getur maður eðlilega ekki borið saman við það íslenska sem þó er ekki alslæmt og hefur upp á margt annað að bjóða. Heimþráin var því ekki farin að láta á sér kræla en okkur fannst tími til kominn að sameina fjölskylduna endanlega heima á Íslandi.“

Vill viðhalda heilsustimplinum

Geir viðurkennir að hafa verið Geir inni við en úti síðan hann settist fyrst í bæjarstjórstöðunni eftir verslunarmannahelgina. Hann hefur því ekki enn fundið sinn eftirlætis stað í Hveragerði.

„En nú fer ég meira á stúfana til að skoða mig betur um. Hér er mikið líf og uppbygging, bæjarstæðið einstakt með töfrandi náttúru allt um kring og heillandi útivistarsvæði þar sem veiðiperlan Varmá rennur í gegnum bæinn og hægt er að ganga upp með Reykjadalnum og baða sig í náttúrulaugunum. Ég er háður því að hreyfa mig mikið og sé fyrir mér að hjóla, hlaupa, synda og fara í ræktina hér í Hveragerði. Ég fékk mikinn áhuga á hjólreiðum þegar allt var lokað úti í heimsfaraldrinum og fór þá iðulega út að hjóla í skóglendinu, og það er akkúrat það sem ég á eftir að skoða betur hér og njóta.“

Í Hveragerði er öflugt íþróttastarf og segir Geir ekki á stefnu-skránni að koma á fót handbolta-liði í bænum.

„Nei, mér finnst þessu ágætlega skipt í nágrannabæjunum, þar sem Selfoss er með frábært handbolta-lið og Þorlákshöfn með verðlaunað



Ég mun að sjálf-sögðu spássera um bæinn og taka þátt í viðburðum, hitta fólk og upplifa fegurðina í mannlíf-inu og bænum.

körfubolta-lið. Blaklið Hamars hér í Hveragerði er besta blaklið landsins og við afar vel stödd hvað það varðar og aðrar deildir sömuleiðis að gera góða hluti. Við urðum reyndar fyrir áfalli þegar Hamars-höllin hvarf í färvíðri en góð lending verður í því máli fljótlega. Mér finnst því miklu nær að sinna betur því sem vel er gert hér, enda frábært starf í gangi,“ segir Geir í heilsuþænum Hveragerði.

„Heilsuefning hefur alltaf verið viðloðandi Hveragerði og þeim heilsustimpli viljum við halda. Hér hefur útivist og heilsurækt verið í öndvegi og hér hefur Náttúru-lækningafélagið verið með sína aðstöðu í áratugi. Mjög góð vinkona okkar hjóna, Jónína Ben, sem féll því miður allt of snemma frá, er ein þeirra sem gerðu frábæra hluti og var í mjög góðu samstarfi við bæinn um hreyfingu eldra fólks. Þetta eru greinar sem við viljum skerpa á enn betur og biður okkar að skapa þá áferð og framtíðarsýn og fara ofan í gildi og ímynd bæjarins. Það gerist auðvitað ekki á einni nóttu en við erum komin með góðan grunn og í farvatninu eru mjög spennandi verkefni.“

Vill láta verkin tala

Geir segir bæjarbraginn í Hveragerði hlýlegan og heillandi.

„Það felst mikill sjarmi í því að hér þekkja allir alla og heilsast. Bæjarbúar hafa tekið einstaklega vel á móti mér og fólk sem ég hitti á förunum vegi eða í Bónus heilsar mér og gefur sig á tal við mig. Það er líka dýrmætt að vinna með fólki sem hefur lifað og starfað í sínum heimabæ alla tíð.“

Hann hlakkar til að láta til sín taka sem bæjarstjóri.

„Ég verð kannski svolítið öðruvísi bæjarstjóri, sem mótast kannski helst af því að það er munur á því að vera pólitískt ráðinn eða af götunni, eins og ég. Ég vil láta verkin tala, en vitaskuld framfylgi ég stefnu og loforðum meirihlutans sem kosinn var. Þetta er öflugur meirihluti sem samanstendur af fólki sem vill láta gott af

sér leiða, hefur sterka framtíðarsýn og margar mjög spennandi og góðar hugmyndir. Mér líst vel á markmiðin sem hann hefur sett sér og reyni samsíða því að koma með mín áhrif,“ segir Geir.

Fram undan er bæjarhátíðin Blómstrandi dagar í Hveragerði, með öflugum og metnaðarfulla dagskrá út vikuna.

„Ég hlakka mikið til og þetta er skemmtilegur tími til að taka við sem bæjarstjóri. Tjaldsvæðið er þegar orðið fullt og við erum að stækka það enn frekar því á Blómstrandi dögum tvöfaldast til þrefaldast íbúafjöldinn á einni helgi. Ég mun að sjálf-sögðu spássera um bæinn og taka þátt í viðburðum, hitta fólk og upplifa fegurðina í mannlíf-inu og bænum. Í Hveragerði er endalaust hægt að gera sér glæða og góða daga, taka daginn snemma, ganga um og gera svo ótal margt. Hér eru frábærir veitingastaðir, fjölbreytt gisting á hótelum og gistihúsum og dásamleg sundlaug sem er landsfræg fyrir sitt fallega stæði og góðu gæði.“

Hveragerði er líka þekkt fyrir ís og blóm.

„Já, Kjörís er okkar stærsta fyrirtæki, selur gómsætan ís um allt land og er stór þátttakandi í Blómstrandi dögum. Ís og blóm höfðu alltaf til mín; ísinn ekki sist í sumarblíðu og litrík blóm eru einmitt meðal þess sem setur svo fallegan svip á bæinn.“

Blómstrandi dagar, líf og fjör

Á morgun, fimmtudaginn 11. ágúst, hefst Blómstrandi dagar í Hveragerði, árleg bæjarhátíð sem stendur fram á sunnudag.

„Hátíðin er sannkölluð menningarveisla og henni fylgir blómlegt líf og skemmtileg stemning í bænum. Dagskráin í ár er metnaðarfull og fjölbreytt fyrir alla fjölskylduna. Þar má nefna listsýningar, sögugöngur- og ferðir, markaðstorg, opnar vinnustofur og gallerí hjá fjölmörgum listamönnum og bæjarbúum,“ upplýsir bæjarstjórnin, fullur tilhlökkunar.

Á laugardag verður fjölskyldu-

dagskrá í Lystigarðinum þar sem fram koma meðal annars Friðrik Dór og Lína Langsokkur, félagar í Hljómlistarfélaginu, Diskótekið Dís og fleiri.

Á sunnudagsmorguninn verður útimessa í Lystigarðinum með séra Ninnu Síf og Lay Low sér um tónlistina. Þar sýnir líka Leikhópurinn Lotta og BMX Brós leika listir sínar. Íþróttafélagið Hamar fagnar 30 ára afmæli sínu og býður hressum krökkum í ljósabolta, þrautabraut, froðubolta, DJ í sundi, leiki og fjör.

Þá bjóða fjölmörg þjónustufyrirtæki í Hveragerði upp á fjölbreytta dagskrá, þar á meðal þrautabraut Hjalta Úrsus í boði Kjöriss, gleðitónleika við Matkrána, listsýningar í garðyrkjustöðvunum Flóru og Ficus, harmonikkufestival í Blómaborg, markaðsstemningu og grínistakvöld í Rósakaffi, Jibbí torfærubílinn við Hofland Eatery, djass í Reykjadal Skála og fleira.

Vönduð tónlistardagskrá verður alla dagana á Blómstrandi dögum, þar sem landsfrægir tónlistarmenn koma fram. Sóli Hólm skemmtir á Hótel Örk annað kvöld, Djassband Ómars Einars kemur fram á föstudag í Listasafninu og Heimir Eyvindar og Hljómsveit verður með 90's nostalgíu. Á laugardag verður glæsileg kvöldvaka á úti-sviðinu í Lystigarðinum þar sem koma meðal annars fram Jónas Sig og Ómar Guðjóns, Sycamore Tree, Dagný Halla og Værð.

Síðast en ekki sist sér Gunní Óla um brekkusönginn og að lokum verður stórglæsileg flugeldasýning, en Gunní Óla og Hljómsveit leika á Blómadansleiknum sem verður á Hótel Örk.

„Við bjóðum alla velkomna til okkar á Blómstrandi daga sem er frábært tilefni til að heimsækja bæinn og njóta alls þess sem hann hefur upp á að bjóða,“ segir bæjarstjórnin Geir. ■

Dagskrá Blómstrandi daga má sjá á hveragerdi.is og á Blómstrandi dagar í Hveragerði á Facebook.

Geir segir mikil gæði felast í því að búa utan við borgarysinn og í námunda við fallega náttúru. Þess vegna sóttist hann eftir því að starfa í Hveragerði, en ekkert bæjarfélag hefur stækkað jafn hratt á undanförnu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Bílablaðið

10. ÁGÚST 2022

Toyota bZ4X er vel heppnuð byrjun

Toyota er um það bil að koma á markað með nýjan rafbíl sem kallast því skrytna nafni bZ4X. Reyndar hefur innköllun vegna hjóla bílsins tafið markaðssetningu hans nokkuð hérlandis en blaðamaður Bílablaðsins var í Kaupmannahöfn fyrr í sumar að prófa bílinn. **6**

MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON



Guðmundur Ómarsson hefur flutt inn fyrsta Tesla Model S Plaid-bílinn. **4**



BYD er að koma sér fyrir í Evrópu og það styttest í kynningu Seal hérlandis. **2**



Þriðja kynslóð Honda HR-V er sparsamur en samt rúmgóður tvinnbíl. **8**

EXIDE
TECHNOLOGIES



Betra start með Exide rafgeymum



Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olis



Radrifinn pallbill var meðal þeirra bíla sem frumsýndir voru í rafbilalínu Toyota í vetur en þar er líkast til komin næsta kynslóð Tacoma.

MYND/TOYOTA

Næsta kynslóð Toyota Tacoma einnig rafdrifin

njall@frettabladid.is

Toyota Tacoma er vinsælasti pallbillinn í millistærðarflokkki í Bandaríkjunum og því er mikilvægt fyrir Toyota að vel takist til við næstu kynslóð sem væntanleg er á markað árið 2024. Í desember síðastliðnum frumsýndi Toyota rafbilalínu sína fyrir komandi ár og þar á meðal rafpallbil sem verður næsta kynslóð Tacoma.

Það er þó ekki eina útgáfan sem verður í boði því að einnig er von á að billinn komi sem tvinnbill með V6-vél og með fjögurra strokka bensínvél með forþjöppu. Þetta er allt saman mögulegt þar sem

næsta kynslóð Tacoma mun koma á TNGA-F undirvagninum sem einnig er undir Toyota Tundra og nýjum Land Cruiser. Líklega verður vélin úr Lexus NX350, grunnútgáfu Tacoma, en það er 275 hestafla 2,4 lítra vél með forþjöppu. Einnig má búast við að Tacoma komi ekki lengur á blaðfjöðrum heldur verði gormafjöðrun allan hringinn.

Rafdrifna útgáfan verður að öllum líkindum með fjórhjóladrifi en annars er ekki mikið vitað um þá útgáfu enn þá. Hvort að sú útgáfa verði í boði í Evrópu er einnig óljóst en strangar mengunareglur hafa hingað til komið í veg fyrir að Tacoma sé þar í boði. ■



Eins og sjá má notar japanska útgáfan margt frá útliti nýs Qashqai og búast má við að Evrópuútgáfan geri það einnig.

MYND/NISSAN

Nýr X-Trail frumsýndur í september

njall@frettabladid.is

Nýr Nissan X-Trail verður frumsýndur 6. september næstkomandi fyrir Evrópumarkað. Hann mun nota sama CMF-C undirvagn og nýr Qashqai svo að hann verður í boði sem tvinnbill í fyrsta skipti. Dýrari útfærslur nýs X-Trail verða með þriðju sætaröðinni og því sæti fyrir sjö.

Billinn verður fyrst boðinn með e-Power sem er 1,5 lítra bensínvél ásamt rafmótor og lítilli rafhlöðu sem samtals skila 184 hestöflum og 330 Nm tugi. Í því kerfi sér vélin ekki um að drífa hjólin heldur að halda rafhlöðunni fullhláðinni í akstri, og er vélin því undir minna

» **Billinn verður fyrst boðinn í e-Power útfærslu með 1,5 lítra bensínvél ásamt rafhlöðu og 184 hestafla rafmótor.**

álagi sem þýðir minni eyðslu og minni mengun. Aksturseginnleikar hans verða því meira eins og í rafbil með snöggu tugi í upptaki en minni þyngd. Einnig verður boðin fjórhjóladrifsútgáfa sem kallast e-4ORCE sem sömuleiðis nýtir e-Power. Billinn mun fá tvo 12,3 tommu upplýsingaskjái innandyrna auk 10,8 tommu framrúðuskjás. ■



Um stóran bíl er að ræða í BYD Seal sem er aðeins lengri en Tesla Model 3 sem hann á að keppa við.

BYD Seal er væntanlegur á Evrópumarkað á næstunni

Kínverski bílaframleiðandinn BYD er farinn að ryðja sér til rúms á Evrópumarkaði og þá sérstaklega í rafbilum merkisins. Umboð fyrir BYD á Íslandi er í höndum Vatts ehf. í Skeifunni.

njall@frettabladid.is

Stutt er í að kínverski framleiðandinn BYD hefji sölu á Seal-fólksbílum í Evrópu, en hann á að keppa við Tesla Model 3. BYD hefur þegar tilkynnt að Seal muni fara í sölu í Þýskalandi og Svíþjóð í lok þessa árs og að sala í öðrum Evrópulöndum komi í kjölfarið. Þegar er hafin sala á bílunum í Kína og verða fyrstu eintök hans afhent þar í þessum mánuði.

BYD Seal var frumsýndur í maí og eins og sjá má fær hann línur Ocean X-tilraunabilsins. Billinn er nokkuð stór eða 4.800 mm langur svo að hann er aðeins stærrí en Model 3. Hjólhafið er líka 45 mm lengra eða 2.920 mm. Undirvagninn heitir einfaldlega 3.0 og er Seal þriðji billinn til að koma á þeim undirvagni. Sá undirvagn býður upp á tvær stærðir rafhlada, 61,4 kWst og 82,5 kWst. Grunnútgáfan verður með afturhjóladrifi og 201 hestafls mótor en drægið verður 550 km samkvæmt kínverska CLTC-staðlinum.

Öflugri afturhjóladrifi útgáfa



Hægt er að snúa stórum miðjuskjámum á rönd og girhnúðurinn er með kristalsútliti í innréttingu Seal.

» **BYD hefur þegar tilkynnt að Seal muni fara á sölu í Þýskalandi og Svíþjóð í lok þessa árs og að sala í öðrum Evrópulöndum komi í kjölfarið.**

með stærri rafhlöðunni fær enn meira drægi eða 700 km. Sú útgáfa er 308 hestöfl og er upptakið í 100 km hraða 5,9 sekúndur.

Fjórhjóladrifi útgáfa bílsins verður með 215 hestafla mótor á framdrifi til viðbótar, sem þýðir að sá bill hefur 523 hestöfl til að spila úr. Drægi hans verður 650 kílómetrar samkvæmt CLTC-staðlinum og upptakið 3,8 sekúndur í hundraðið.

Samkvæmt BYD er fjöðrunin tvöföld klafafjöðrun að framan og fjöllíða að aftan og þyngdardreifingin 50/50 á fjórhjóladrifsútgáfunni. ■

ERT ÞÚ EKKI NÓGU HARÐUR?

Man Power er hannað fyrir karlmenn sem vilja **auka orku** og **úthald** í rúminu.

Man Power inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.



Nýr MG ZS EV

Til afhendingar strax!



Endurræsa
Endurhugsa
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

MG ZS EV 50 kWh Comfort

320 km WLTP drægni*, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!
Verð frá: 4.390.000 kr.

mgmotor.is

Recharge yourself



*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggji og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Gat ekki beðið eftir bílnum

Guðmundur Ómarsson er Akureyringur sem hefur nú komið með fyrsta Tesla Model S Plaid-bílinn hingað til lands. Um öflugasta fjöldaframleidda bíl landsins er að ræða en bíllinn lenti á Klakanum í lok júlí. Guðmundur gat einfaldlega ekki beðið og fór og sótti bílinn til Minneapolis til að koma honum fyrir í skip.

njall@frettabladid.is

Tesla Model S Plaid er ekki á barna meðfæri enda er bíllinn 1.020 hestöfl og aðeins 2,1 sekúnda í hundradíð. „Ég var áður með Model 3 Performance sem er tæp 500 hestöfl og 3,3 sekúnda í hundradíð. Munurinn um rúma sekúnda er miklu meiri en maður átti von á,“ segir Guðmundur í viðtali við bíla-bláð Fréttablaðsins. „Hann er líka mjög öflugur á meiri hraða og þó að maður gefi inn á 100 km hraða að þá veður hann bara áfram.“ Sumir hafa reynt að aflæsa hámarks hraða bílsins með kubb sem stungið er í samband við bílinn, og getur hann þá náð 348 km á klst. „Einnig heyrði

ég frá starfsmanni Tesla að besti tími sem bíllinn hefði náð væri 1,5 sekúnda í hundradíð en við þau átök brotnar framrúðan. Þess vegna er hann takmarkaður við tvær sekúndur núna.“

Guðmundur segir að það hefði verið margt sem þurfti að leysa til að fá Ameríkubíl hingað til lands. „Hleðslan er ekki sú sama, netið í bílnum frá Bandaríkjunum virkar ekki hér og fleiri slíkir hlutir. Tesla umboðið á Íslandi hefur hins vegar virkjað fyrir mig netið þannig að hann er nettengdur núna,“ segir Guðmundur. Bíllinn kemur með Self Driving-útfærslu í Beta-útgáfu sem er sú nýjasta í boði. Hana fær enginn nema eftir að hafa sýnt ábyrgan akstur en hún kom frá fyrri eiganda. „Bíllinn keyrir alveg sjálfur og stoppar ekki bara á ljósum heldur tekur beygjur og allt saman, og við keyrðum nánast alla leiðina í Bandaríkjunum í sjálfkeyrsluham. Ef maður keyrir svo eins og fífl þá missir maður þessa útgáfu og maður fær bara þrjár viðvaranir. Ég er búinn að fá eina svo ég á bara tvær eftir,“ sagði Guðmundur kankvís að lokum. ■



Tesla Model S Plaid bíll Guðmundar er sneggsti bíllinn á götunum og þeir sem vilja sjá hann í akstri geta barið hann augum á kvartmílukeppni Bílklúbbs Akureyrar um helgina.

» Tesla Model S Plaid er ekki á barna meðfæri enda er bíllinn 1.020 hestöfl og aðeins 2,1 sekúnda í hundradíð í bíl Guðmundar.



Stýrið í bíl Guðmundar er svokallað fiðrildastýri en þrátt fyrir lagið þarf tvo snúninga til að fara borð í borð.

Hleðsla rafbíla

Ertu að tengja?

Fáið löggiltan rafverktaka til að yfirfara og aðlaga rafloagnina áður en rafbíll er hlaðinn í fyrsta sinn.

- Hver tengipunktur má einungis hlaða einn rafbil í einu
- Hver tengipunktur skal varinn með yfirstraumvarnaráðnaði sem einungis ver þennan tiltekna tengipunkt
- Hver tengipunktur skal varinn með bilunarstraumsrofa (lekastraumsrofa) sem einungis ver þennan tiltekna tengipunkt
- Bilunarstraumsrofinn ætti að vera af gerð B – þó má nota gerð A sé jafnframt notuð viðbótárvörn
- HMS mælir með að ekki séu notaðir hefðbundnir heimilistenglar til hleðslu rafbíla
- HMS mælir með að til heimhleðslu rafbíla séu notaðar þar til gerðar hleðslustöðvar eða iðnaðartenglar
- Stranglega er bannað að nota framlengingarsnúru, fjóltengi eða önnur „millistykki“ við hleðslu rafbíla
- Hleðslustrengir mega ekki liggja þar sem þeir geta orðið fyrir hnjaski, t.d. yfir vegi, gangstéttar eða stíga
- Ekki nota hleðslusnúru eða annan búnað sem hefur skemmst

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun



Cam-Am Commander-bílar lögreglunnar verða með 100 hestafla Rotax-vélum.

Lögreglan tekur Buggy-bíla í notkun

njall@frettabladid.is

Lögreglan á Suðurnesjum hefur tekið fyrsta Buggy-bílinn í þjónustu sína og mun annar bíll vera á leiðinni. Að sögn Hjálmar Hallgrímssonar, vettvangsstjóra lögreglunnar á Suðurnesjum, er bíllinn staðsettur í Grindavík með tilliti til yfirstandandi goss á svæðinu.

„Við leigðum slíkan bíl í síðasta gosi en almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra tók ákvörðun um að kaupa slíka bíla fyrir embættið,“ sagði Hjálmar. Að mati Hjálmar eru bílarnir gríðarleg öryggistæki og munu nýtast vel á þessum tímum. „Þeir útvíkka það

svæði sem við getum náð til og geta ekið inn í Óskju þess vegna. Við fengum að ganga inn í pantanir hjá Björgunarveitinni og kunnum þeim miklar þakkir fyrir en þar nota menn einnig slíka bíla í enn öflugri útfærslum.“ Bílarnir sem lögreglan fær eru fjögurra manna Can-Am Commander 1000 og koma með 100 hestafla Rotax-vélum. Um létta bíla er að ræða með 330 mm veggþéttum enda koma þeir á 28 tommu dekkjum. Hægt er að velja á milli tvíhjóna- eða fjórhjóladrifs með driflæsi. Bílarnir koma með veltibúri og hurðum auk flutningspalls að aftan. ■



Evrópubúar munu nú geta pantað aftur Plaid-útgáfur Model S og Model X gegnum netið.

Plaid-útgáfur Tesla á Evrópumarkað

njall@frettabladid.is

Tesla ætlar að setja Plaid-útgáfur Model S og Model X aftur á markað í Evrópu fyrir lok ársins. Það er í fyrsta skipti sem þær útgáfur eru í boði utan Bandaríkjanna í næstum tvö ár. Tekið var fyrir sölu annars staðar til að unnt væri að standa við pantanir á bílnum í Bandaríkjunum, en að sögn Elons

Musk var vöntum á íhlutum um að kenna. Fyrir þá sem panta slíkan bíl hlerlendis í dag má búast við að afhending verði í byrjun árs 2023. Samkvæmt heimasíðu Tesla er drægi Model S Plaid nú gefið upp sem 637 km og upptakið 1,9 sekúnda í hundradíð sem gerir hann að öflugasta bíl sem nokkurn tímann hefur verið í boði hlerlendis. ■

Hefur lekið loft úr dekki hjá þér
og engin loftdæla nálægt?

Enox Pumpmaster

...er svarið!



Sjálfvirk snjallpumpa fyrir:

- Bíla • Mótorhjól • Reiðhjól • Hlaupahjól
- Gúmmíbáta • Vindsængur • Bolta • Blöðrur

Auk þessa er Pumpmaster:

- Vasaljós • Viðvörðunarljós
- Öflugur orkubanki, 5.000mAh, fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

Kynningarverð

8.990 kr
~~9.990~~ kr



HÚSASMÍÐJAN

Fæst í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

enox.[®]
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI



Reynsluakstur

Toyota bZ4x

Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

KOSTIR

- Fjór hjóladrif
- Mælaborð
- Fótarymi

GALLAR

- Engin afturrúðupurrka
- Engin sportstilling
- Verð á dyrari útfærslum

Grunnverð: 6.990.000 kr.
Hestöfl: 218
Tog: 337 Nm
Hröðun 0-100 km: 6,9 sek.

Hámarkshraði: 160 km/klst.
Veghæð: 177 mm
Eigin þyngd: 1.985 kg
Drægi: 470 km

Dráttargeta: 750 kg
L/B/H: 4.690/1.860/1.650 mm
Hjólhaf: 2.850 mm
Farangursrymi: 452 lítrar



Toyota hefur tekist að búa til rafbíl með útliti sem sker sig úr í fjöldanum.

MYNDIR/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Vel heppnuð frumraun Toyota

Toyota bZ4X er einn af þessum rafbílum sem beðið hefur verið eftir og er hann þróaður í samstarfi við Subaru sem kemur með sína eigin útgáfu. Fréttablaðið fékk tækifæri til að reyna gripinn í Kaupmannahöfn í byrjun júnímánaðar. En aðeins að nafninu sem mögum finnst skrítið. Fyrstu tveir stafirnir, bZ standa einfaldlega fyrir beyond Zero, 4 vísar til stærðarflokksins, sem er á pari við ID.4 sem dæmi, og X stendur fyrir að bíllinn sé jepplingur með möguleika á fjór hjóladrifi.

Hann byggir á eTNGA-rafbílaundirvagninum og er með einum 201 hestafls rafmótor fyrir framdrifið, en í fjór hjóladrifsútgáfunni er afl framdrifsmótorsins minnkað í 109 hestöfl en annar 109 hestafla mótur kemur fyrir afturdrifið. Það gefur honum samtals 218 hestöfl, og það sem meira er, von er á aflmeiri útgáfum í framtíðinni. Eins og er fer fjór hjóladrifsútgáfan í hundraðið á 6,9 sekúndum sem er þokkalegt en ekkert meira en það. Það má þó ekki falla í þá gryfju að bera hann saman við öflugar útgáfur margra rafbíla sem komið hafa á



Vaðdýpt bílsins er 50 sentimetrar og fengu blaðamenn að prófa það í sérútbúinni sundlaug.

markað að undanförunu. Rafbíla- markaðurinn er að breytast og nú eru að koma á markað rafbílar sem eru meira hugsadír fyrir almenna notkun. Um stóran og rúmgóðan bíl er að ræða með þokkalegt afl og meðalgott drægi. Í reynsluakstrinum voru eknir á þriðja hundruð

» bZ4X byggir á e-TNGA undirvagninum og er með 201 hestafla rafmótor fyrir framdrifsbíllinn.



Skjárnir sitja hátt í mælaborðinu og stýrið er lítið og nett en fljótvirkt og nákvæmt um leið.

kílómetra og sýndi bíllinn enn þá tæplega 200 km drægi þegar reynsluakstrinum lauk. Stærðarlega er bZ4X lengri en RAV4, eða sem munar 90 mm, en grunnplata hans á margt skylt með RAV4 eins og MacPherson-fjórdrunin til að mynda. Bíllinn er

samt lægri en RAV4 og gefur það honum sportlegra útlit, ásamt talsvert hallandi afturrúðunni. Líkt og margir rafbílaframleiðendur hefur Toyota kosið að sleppa afturrúðupurrkunni sem mun eflaust verða til leiðinda hér á landi. Að innan er bíllinn nokkuð skemmti-

» **Billinn leggst ekki mikið í beygjurnar og virkar nokkuð stífur á vegi án þess þó að vera of stífur á fjöðrun.**

lega útfærður. Fyrir það fyrsta eru sætin mátulega stór og þægileg og fótarymi gott í aftursætum. Þótt farangursrymi sé aðeins minna en hjá samkeppnisaðilum munar ekki miklu og það tekur vel við.

Stýrið er frekar lítið og leggur vel á sem gerir hann nokkuð sportlegri í akstri fyrir vikið. Billinn leggst ekki mikið í beygjurnar og virkar nokkuð stífur á vegi án þess þó að vera of stífur á ójöfnum. Upplýsingakerfið er það sama og í nýjum Lexus NX og virkar vel á stórum 12,3 tommu skjánum. Það situr líka frekar hátt ásamt mælaborðsskjánum svo að ekki þarf að færa fókussinn langt til að lesa á það. Toyota hefur farið nokkuð langt í að vinna upp gott upplýsingakerfi en hægt er að finna áhugaverða staði, hleðslustöðvar og veitingastaði gegnum kerfið. Loks er raddstýring í kerfinu sem leyfir margar aðgerðir eins og að stjórna miðstöð sem dæmi.

Eitt af því fyrsta sem maður gerir þegar rafbíll er prófaður er að finna Mode-takkann en á bZ4X vandast málið hins vegar heldur betur. Það eru hvorki fleiri né færri en fjórir takkar merktir Mode í mælaborði bZ4X. Það sem veldur vonbrigðum er að það er engin Sport-stilling en þess í stað



Torfærubrautin var meðal annars með þessum brettum sem sýndu fram á grip hans þrátt fyrir að missa festu undir tveimur hjólum eins og hér sést.

kemur svokallað X-Mode sem er nokkurs konar torfærustilling, og talsmenn Toyota vildu gera mikið úr. Tæknimenn Toyota höfðu verið svo elskulegir að setja upp torfærubraut á malbikinu fyrir utan sorphreinsistöðina, en hún samanstóð af þremur brautum. Sú fyrsta fólst í því að keyra upp á þak samkomuhússins og niður aftur. Næst var ekið yfir bretti þannig að annað hjólið var alltaf á loft, og sannaði tölvustýrður drifbúnaðurinn sig vel í þessari braut. Loks var ekið í gegnum 50 cm djúpt vatn, og verður að gefa Toyota prik fyrir að gefa batterisbíl svona mikla vaðdýpt, og standa við það.

Helstu keppinautar Toyota bZ4X hérlandis verða eflaust bílar eins og VW ID.4 og Skoda Enyaq. Verðið

» **Það verður að gefa Toyota prik fyrir að gefa batterisbíl 50 sentimetra vaðdýpt og standa við það.**

á Toyota bZ4X byrjar í 6.990.000 kr. en til samanburðar er grunnverð VW ID.4 með sambærilegri rafhlöðu 6.190.000 kr. Skoda Enyaq er sá bill sem er best að bera saman við bZ4X en hann er líka nær í verði og kostar frá 6.690.000 kr. Þess ber þó að geta að betur búnar útfærslur bZ4X eru frekar stíft verðlagðar en VX-útgáfan kostar 8.390.000 kr. til að mynda. ■



Í fjórhjóladrifsútgáfunni er aflið samtals 218 hestöfl sem dugar honum til að fara í hundraðið á 6,9 sekúndum.



Gott fótarymi ásamt þægilegum sætum gerir aftursætisfarþegum lífið léttara.



Farangursrymi er kannski ekki það stærsta en aðgengilegt og það er hólf undir gólfinu líka.



JOHAN
RÖNNING

Sérfræðingar í hleðslustöðvum fyrir rafbíla



Nánari upplýsingar á ronning.is/rafbilar

Reykjavík
Klettagördum 25
Sími 5 200 800

Akureyri
Draupnigötu 2
Sími 4 600 800

Reykjanesbær
Bolafæti 1
Sími 420 7200

Reyðarfjörður
Nesbraut 9
Sími 470 2020

Selfoss
Eyrarvegi 67
Sími 4 800 600

Hafnarfjörður
Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 880

Grundartangi
Mýrarholtsvegi 2
Sími 5 200 830



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Honda HR-V

KOSTIR

- Sportlegir akstursegínleikar
- Fótarymi aftur í Eyðsla

GALLAR

- Virkni upplýsingaskjás
- Staðsetning ræsirofa
- Höfuðrymi aftur í

Grunnverð: 5.490.000 kr.
Hestöfl vélar: 107
Hestöfl rafmótors: 131
0-100 km: 10,6 sek.

Hámarkshraði: 170 km
Eyðsla bl. ak.: 5,4
CO2: 126 g/km l
L/B/H: 4.340/1.790/1.582 mm

Hjólaf: 2.610 mm
Veghæð: 19 mm
Farangursrymi: 335 l
Eigin þyngd: 1.390 kg



Honda HR-V er góður akstursbílur enda léttur á fæti og nákvæmur í stýri.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Allt er þegar þrennt er

Í allri þeirri flóru nýrra rafbíla sem nú eru á markaði hér heima er það velkomin tilbreyting að fá til prófunar bíl sem þarf eldsneyti til að keyra. Þriðja kynslóð Honda HR-V er nýkomin á markað og er aðeins í boði sem tvinnbílur. Reyndar þarf Honda HR-V ekki mikið bensín því að í blönduðum akstri á þeim hátt í 500 km sem bílurinn var reynslu- ekið, eyddi hann ekki nema rétt rúmum fimm lítrum á hundraðið. Geri aðrir betur.

Honda HR-V er nokkuð frábrugðinn öðrum blendingsbílum í útliti. Margir spurðu mig hvort þetta væri nýr rafbíll frá Honda enda er hann stílhreinn í útliti og grillið ekki eins áberandi. Þrátt fyrir að vera háfættur er hann ekki jepplingur enda aðeins með framdrifi. Maður situr frekar hátt í Honda HR-V án þess þó að það sé eitthvað óþægilegt að setjast inn í hann. Hurðir opnast vel og aðgengi er gott en sæti frammi eru með frekar stuttri setu sem getur verið þreytandi á langkeyrslunni. Útsýni er mjög gott þökk sé stórum hliðarspeglum en líklega eru ungir farþegar ekki sammála mér enda frekar hátt upp í gluggasýlluna á bílnum. Mælaborðið er vel uppsett og hefðbundnir snúningstakkar fyrir miðstöð og þess háttar gera það þægilegt og einfalt í notkun. Það sama er þó ekki hægt að segja um upplýsingaskjáinn, en hann er bæði seinvirkur og leiðirnar óþarflega flóknar. Sem betur fer er Apple CarPlay og Android Auto staðalbúnaður sem bætir fyrir þetta.

Fótarymi í aftursæti er með besta móti og segja má að hönnunin á aftari sætaröðinni sé einn af stóru kostunum við þennan bíl.



Það þýðir að umgengni í aftursæti er með þægilegasta móti og ekki þarf að smeygja fótum á hlið til að komast inn eins og í sumum bílum. Eini ljóðurinn er að höfuðrymi mætti vera meira en þeir sem eru yfir 180 sentímetra finna fyrir þakinu aftur í. Þá er miðju-sætið frekar óþægilegt og ekki fyrir nema smávaxna. Líkt og í Jazz er hægt að taka upp setuna í aftursæti ef koma þarf fyrir stærri hlutum, og því lítið mál að setja stóran kassa í aftursæti með þessum hætti. Rými í farangursrymi er aftur á móti í minna lagi en

Aftursætin hafa nokkra góða kosti eins og gott fótapláss og möguleika á að lyfta upp setunni en höfuðrymi mætti vera meira.



Mælaborðið er auðlesanlegt og allir takkar læsilegir og aðgengilegir nema ræsihnappurinn.



Vélin sér um að hlaða rafhlöðuna svo að það er alltaf hægt á treysta á að hann nýti vel rafmagnnið.



Farangursrymi er minna en hjá samkeppnisaðilum eða 335 lítrar og lokast frá farþegarymi með svuntu.

það er aðeins 319 lítrar sem er talsvert minna en hjá samkeppnisbílum.

Þó að um sama drifbúnað sé að ræða og í Honda Jazz er vélbúnaðurinn þó aðeins öflugri í HR-V eða 131 hestaf. Þegar tekið er af stað er billinn hljóðlátur á rafmagninu en ef nota þarf upptakið fer að hvína í bensínmotorum eins og í öllum bílum með CVT-skiptingu. Billinn er frekar hár á fjöðrun og er mýkri en þeir rafbílar sem maður prófar mest þessi misserin. Hann er þó ekki að leggast mikið í beygjurnar og stýrið er mjög nákvæmt sem gerir hann skemmtilegan í akstri. Það er óvenju hátt undir bílinn miðað við aðra svipaða bíla eða 19 sentímetrar sem er eins og í þökkalegasta jeppa. Þegar billinn er skyndilega 3-400 kílóum léttari finnst það vel á fjöðrun bilsins en Honda HR-V er aðeins um 1,4 tonn sem er svipað og meðalstór folksbílur. Fjöðrunin verður mýkri á ójöfnum og hann heggur ekki á hraðahindrunum.

Grunnverð Toyota CH-R tvinnbilsins er 5.650.000 kr. og Nissan Qashqai bætir 100 þúsund við það verð svo að verðið á Honda HR-V er nokkuð gott. Hann stendur sig vel í samanburði á eyðslu og er rúmgóður, nema í samanburði á farangursrymi. Honda HR-V er kannski ekki með besta upplýsingakerfið en bætir það upp með góðum staðalbúnaði eins og bakkmyndavél ásamt fjarlægðarskynjum, árekstrarvörn, akreinaaðstoð, umferðamerkjalesara, regnskynjara, sjálfvirkum aðalljósum, hraðastilli með fjarlægðarskynjara og díóðuljósum allan hringinn. ■





BOSCH

BÍLAVARAHLUTIR


- Robert Bosch er einn stærsti framleiðandi heims í íhlutum fyrir bílaframleiðendur.
- Fyrirtækið er með yfir 400.000 starfsmenn að störfum um allan heim.

Bílaframleiðendur velja Bosch, kannski ættu fleiri að gera það sama.



**Þú færð bílavarahluti frá Bosch
í Kemi, Tunguháls 10.**

Pantanir í síma 519 1519 og 415 4000.



Kemi



Þessi tölvugerða mynd frá Avarvarii sýnir hvernig nýi bíllinn gæti litið út.

MYND/AVARVARI

Nýtt flaggskip frá Porsche í burðarliðnum

njall@frettabladid.is

Porsche er að hanna nýjan bíl sem mun verða flaggskip merkisins þegar hann kemur á markað. Er um rafdrifinn bíl að ræða sem er stærri en Cayenne og er ætlað að keppa við bíla eins og BMW iX.

Eins og er heitir bíllinn bara K1 og mun nýta SSP Sport-rafbílaundirvagn Volkswagen. Sá undirvagn er ætlaður bílum frá 2026 svo það er einhver tími í að við fáum að sjá þennan bíl ennþá. SSP Sport-undirvagninn mun nota 800 volta rafkerfi og styðja allt að 350 kW hleðslu. Fleiri framleiðendur hafa hugsað sér að nýta þennan undirvagn eins og Lamborghini, Bentley og Audi. Næstu kynslóðir Panamera og Taycan munu einnig nota SSP Sport undirvagninn, en næstu

» **Bíllinn mun koma á nýja SSP Sport-undirvagninum sem væntanlegur er á markað árið 2026 en hann mun nota 800 volta rafkerfi.**

kynslóðir Macan og Cayenne munu hins vegar fá PPE-undirvagninn. Forstjóri Porsche, Oliver Blume, hefur látið hafa eftir sér að bíllinn verði smíðaður og þá í verk-smiðjum Porsche í Leipzig. ■



Ekki eru miklar breytingar á bílnum en að framan má sjá endurhannað grill og framljós auk skeljalags á vélarlífinni

MYND/AUTO EXPRESS

Næsta kynslóð Suzuki Swift á njósnamynd

njall@frettabladid.is

Suzuki ætlar að halda áfram með smábílinn Swift en fjórða kynslóð hans er nú í prófunum í Evrópu hjá framleiðandanum. Bíllinn verður frumsýndur á næsta ári en þriðja kynslóðin kom á markað árið 2017.

Suzuki Swift er á HEARTECH-undirvagninum sem kom fyrst í Alto árið 2014 en þrátt fyrir aldurinn hefur Swift náð að koma með bæði 12 og 48 volta tvinn-útgáfur af bílnum. Búast má við að Suzuki noti sama undirvagn áfram og þess vegna er ekki von á rafdrifinni útgáfu Swift í þessari umferð. Suzuki er í samstarfi við

» **Fjórða kynslóð Suzuki Swift er nú í prófunum en ætla má að hann komi á markað árið 2023.**

Toyota um tengiltvinnútgáfur af Swace og Across en hvort að það nái til slíkrar útgáfu Swift er ekki vitað. Ætla má að nýr Suzuki Swift komi á markað árið 2023. ■

Honda frumsýnir Civic Type R

njall@frettabladid.is

Honda hefur frumsýnt nýja kynslóð Civic Type R ásamt tækniupplýsingum um bílinn. Frumsýning bílsins var haldin á 25 ára afmæli Civic Type R og 50 ára afmæli Civic.

Honda ákvað að halda sömu vélinni en afl hennar hefur verið aukið í 325 hestöfl og 420 Nm af togi. Aflaukningin er 9 hestöfl og 20 Nm, þökk sé nýrri gerð forþjöppu. Þá hefur bíllinn fengið nýja sex girra beinskíptingu og breiðari 265 mm dekk. Þó að upptak bílsins hafi ekki verið gefið upp ennþá má búast við að hann bæti aðeins tíma fyrir kynslóðar sem var 5,7 sekúndur í hundraðið. Nýi bíllinn var ekki lengi að slá brautarmetið á



Það eru engar stórkostlegar útlitsbreytingar á nýjum Type R og haldið í sömu áherslur og í fyrri kynslóð.

MYND/HONDA

» **Afl vélarinnar hefur verið aukið í 325 hestöfl og 420 Nm af togi.**

Suzuka-brautinni fyrir framdriftsbíla en hann fór áttuna þar á 2 mínútum og 23,12 sekúndum. Það er tæpri sekúndu betra en tími fyrir methafa, Civic Type R Limited Edition af fyrri kynslóð. Honda hefur látið hafa eftir sér að bíllinn muni líka reyna við brautarmetið á Nurburgring fyrir framdriftsbíla. ■



Í seinna slysinu, sem varð á þjóðvegi 15 í Utah, sagði ökumaður bílsins að hann hefði ekið með Autopilot virkan.

MYND/ASSOCIATED PRESS

NHTSA rannsakar tvö dauðaslys vegna Autopilot í Tesla-rafbílum

Slys vegna bíla sem aka í sjálfkeyrsluham hafa verið nokkuð fyrirferðarmikil í umfjöllum fjölmiðla vestan hafs og þá ekki síst vegna Autopilot-kerfis Tesla.

njall@frettabladid.is

Umferðaröryggismálastofnun Bandaríkjanna, NHTSA, rannsakar nú tvö dauðaslys þar sem Tesla-bílar með Autopilot í gangi keyrðu niður mótörhjóla. Bæði slysin áttu sér stað í júlí og urðu bæði á þjóð-

vegi í myrkri. Í báðum tilvikum ók Tesla-bíllinn aftan á mótörhjólið með fyrrgreindum afleiðingum.

Síðan 2016 hefur NHTSA rannsakað 39 slys þar sem sjálfkeyrslubúnaður var talinn orsakavaldur. Af þessum 39 slysum var Tesla með Autopilot í 30 tilvikum. Umferðaröryggissamtökin Center for Auto Safety hafa hvatt NHTSA til að innkalla Atopilot-búnað Tesla. „Það er mér ljóst, og eflaust mörgum Tesla-eigendum, að þessi búnaður virkar ekki sem skyldi og setur saklausa ferðalanga í hættu,“ sagði

Michael Brooks, formaður samtakanna. Elon Musk hefur hætt að nota radarskynjara í bílum Tesla og reidir sig eingöngu á myndavélar og tölvubúnað.

Að mati Brooks og margra annarra hamlar það getu Tesla-bíla til að sjá í myrkri. Eins og venjulega er eina svar Tesla það að Autopilot ætti aldrei að nota nema að ökumaður sé viðbúinn allan tímann. NHTSA er einnig með til skoðunar slys þar sem Tesla-bílar með Autopilot virkan hafa ekið aftan á neyðarbíla á þjóðvegum. ■

Njósnamynd af nýjum BMW X3

Fjórða kynslóð BMW X3 er nú í prófun hjá þýska framleiðandanum og þess vegna hefur nú fyrsta myndin af bílnum í dulargervi verið birt. Af myndum af bílnum að dæma fær X3 alveg nýtt útlit með stærra nýrnagrilli en áður og þynnri ljósum.

Þótt það sjáist ekki alveg á myndinni er ekki ólíklegt að ljósin verði tvískipt í sama stíl og á nýrri 7-línu. Hliðarlínan er svipuð með uppsveigðri Hofmeister-línunni en afturljós og afturendi er vel falin sem bendir til endurhannaðs útlits þar líka. BMW X3 fékk andlitslyftingu í fyrra svo að ekki er von á fjórðu kynslóðinni



fyrir en í lok næsta árs í fyrsta lagi. Það þýðir að nýr X3 missir af næstu kynslóð undirvagns BMW sem kallaður er „Neue Klasse“ og verður kynntur árið 2025. Því

verður fjórða kynslóð X3 líklega byggð á uppferðri útgáfu CLAR-undirvagns og iX3-rafbíllinn því áfram í boði í nokkur misseri í viðbót. ■

Mikill felubúnaður við ljósa-búnað bendir til þó nokkurra breytinga á fram- og afturenda BMW X3.

MYND/AUTO EXPRESS

Velkomin í nýja verslun Skeljungs!

Þú færð gæða vörur frá Shell, Koch-Chemie,
VatOil og Venol í nýrri verslun **Skeljungs**,
Skútuvogi 1, Reykjavík. Vertu velkomin.



Þú gætir
unnið ferð
á enska
boltann!

Allir sem versla vörur í nýrri verslun Skeljungs Skútuvogi 1 eða veðverslun eiga möguleika á að vinna ferð fyrir tvo á enska boltann í haust.

Skeljungur, traustur félagi



Skeljungur

Toyota býðst til að kaupa bZ4X af kaupendum

njall@frettabladid.is

Í júní síðastliðnum innkallaði Toyota alla bZ4X-rafbíla sem komnir voru á göturnar eða 2.900 talsins. Var innköllunin vegna felgubolta sem voru of lausir og hafði Toyota áhyggjur af því að við snöggt átak gætu boltar losnað og í verstu tilvikum hjól losnað af bílnum.

Electrek-veftímaritið hefur nú

flutt fréttir af bréfi sem Toyota hefur sent eigendum bZ4X-bíla, þar sem að Toyota biður þá um að bíða með að aka bílnum sínum. Einnig býður Toyota upp á nokkrar lausnir fyrir eigendur bílanna, eins og afslátt í formi endurgreiðslu, áframhaldandi notkun lánsbils, greiðslu fyrir geymslu á bZ4X-bílunum, ókeypis hleðslu þeirra í náinni framtíð auk meiri ábyrgðar. Ef ekkert af þessu er



Vegna innköllunar Toyota á bZ4X hefur þurft að fresta frumsýningu hans hérlandis.

MYND/TOYOTA

nóg, býðst Toyota til að kaupa aftur bílana. Slíkar endurgreiðslur geta verið framleiðendum erfiðar en þar sem um fáa bíla er að ræða hefur Toyota líklega metið að það sé í lagi.

Enginn bZ4X er kominn á göturnar hérlandis enda var frumsýningu hans frestað um leið og fréttir bárust af þessu, þar til að Toyota hefur komist fyrir vanda málið. ■



BMW í Suður-Kóreu býður upp á að virkja búnað sem þegar er fyrir hendi í bílnum gegn föstu mánaðargjaldi.

Rukkað fyrir notkun hjá BMW

njall@frettabladid.is

Það gerist nú æ algengara að bílaframleiðendur bjóði upp á að kaupendur bíla geti annað hvort keypt eða leigt aukabúnað sem þegar er til staðar í bílnum. Til að einfalda framleiðsluferli koma bílar oft með innbyggðum búnaði sem er þá ekki virkur nema að kaupandi borgi fyrir búnaðinn sem aukabúnað eða jafnvel leigi hann til ákveðins tíma.

Sér þá framleiðandinn um að virkja búnaðinn gegnum netið eins og hjá BMW í Suður-Kóreu. Þar getur bíleigandinn til dæmis valið að fá upphituð sæti fyrir 2.500 kr. á mánuði en búnaðurinn er þegar fyrir hendi í bílnum. Vilji kaupandi fá búnaðinn við kaup á bílnum kostar það 56.000 kr. Hefur þessi leið BMW verið töluvert gagnrýnd í Bandaríkjunum að undanfögnu þar sem neytendavernd er sterk og margir líta þannig á að búið sé að borga fyrir búnaðinn. Að sögn Guðmundar Inga Gústavssonar, sölustjóra BMW á Íslandi, mun slíkt leigukerfi eins og ConnectedDrive ekki standa til hérlandis. ■



Minna dulargervi bendir til þess að frumsýningin sé ekki langt undan.

EV9 myndaður á Nurburgring

njall@frettabladid.is

Njósnamyndir hafa náðst af nýjum Kia EV9 á Nurburgring, að þessu sinni í minna dulargervi en áður. Tilraunaútgáfa bílsins var frumsýnd á bílasýningunni í Los Angeles í fyrra og lítur út fyrir að framleiðsluútgáfan líkist honum mikið. Búast má við bílnum á markað árið 2023 en frumsýning hans er ekki langt undan og verður líklega snemma á næsta ári, ef ekki fyrr. Ef hann mun hafa innréttinguna úr tilraunabílunum gæti hann fengið 27 tommu breiðtjalds-skjá sem yrði einn sá stærsti sem er í boði í framleiðslubíl í dag. ■



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Nú er Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka rétt handan við hornið og líklega mörg farin að stunda úthlaupin af kappi. Einföld og örugg leið til þess að bæta líkamlega getu gæti verið að bæta rauðrófum inn í mataræðið.

Íþróttafólk víðs vegar um heim þekkir virkni rauðrófa til þess að bæta súrefnisupptöku og auka blóðflæði við áreynslu. Með því að bæta rauðrófuhylkjum frá ICEHERBS inn í rútinuna má auka snerpu, orku og úthald á náttúrulegan og öruggan máta.

Þverar landið með kraft rauðrófunnar að vopni

Kristinn Karl Dulaney hefur alltaf verið hrifinn af lækningamætti náttúrunnar og er að eigin sögn alinn upp við notkun fjallagra. Síðustu tíu ár hefur Kristinn haft tröllatru á krafti rauðrófa og segir hylkin frá ICEHERBS algera himnasendingu.

Kristinn segist alltaf hafa verið fjörmikill og hress og stundað mikið íþróttir. „Sem ungur



Árangursrík leið fyrir betra hlaupaform og bætt úthald



Kristinn Karl hefur nýtt sér kraft rauðrófunnar í tugi ára. Hann segir rauðrófuduftið frá ICEHERBS auka orku og úthald. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

maður var ég í handbolta og fótbolta, frjálsum, sundi og fleiru. Í dag geng ég mikið og hjóla og er að vinna í því að þvera Ísland. Ég veit nú ekki hvað ég er ekki búinn að ganga á Íslandi en meðal annars hef ég krossað Ísland frá Reykjanesi yfir á Langanes, og sömuleiðis frá Horni austur í Lón. Einnig hef ég hjólað mikið erlendis, meðal annars á Kúbu, í Perú, Víetnam og víðar. Þá hef ég hjólað Jakobsveginn og Noreg endilangan. Síðast gekk ég svo frá Dalvík innst

inn í Eyjafjörð sem er hluti af því að þvera Ísland.“

Fær kraft úr rauðrófum

„Síðustu tíu ár hef ég haft tröllatru á krafti rauðrófa. Rauðrófur eru stútfullar af vítamínum og fjörefnum sem gefa kraft og auka úthald og lífsgæði. Í fjölda ára hef ég keypt ferskar rauðrófur og búið til minn eigin safa sem ég tek inn í skotformi á hverjum einasta morgni með engiferi og sítrónu. Rauðrófur hafa vissulega fengist í safiformi í

búðum en það hefur aldrei heillað mig. En þegar ég heyrði að íslenska fyrirtækið ICEHERBS væri að framleiða 100% náttúrulegt rauðrófuduftvar ég ekki lengi að koma því inn í rútinuna mína.

Íþróttafólk víðs vegar um heiminn hefur fundið hvað kraftur rauðrófunnar er mikill. Nú er ég jafngamall lýðveldinu, eða 78 ára, og rauðrófurnar gefa mér orku og úthald til þess að stunda göngur og hjól eins og mig lystir og auka þannig lífsgæði mín. Það sem

er svo hentugt við dufthylkin er að þau taka svo lítið pláss. Ef ég er að ferðast, gangandi eða hjólandi, þá er töluvert auðveldara að kippa þeim með sér heldur en mörgum lítrum af rauðrófusafa. Duftið virkar líka alveg jafn vel og safinn.“

Rauðrófuduft stuðlar að aukinni snerpu og blóðflæði

Rauðrófur eru þekktar fyrir að bæta súrefnisupptöku og auka blóðflæði. Með auknu blóðflæði eykst snerpa, orka og úthald og því hafa rauðrófur slegið í gegn á meðal íþróttafólks. Rauðrófur koma þér hraðar og lengra náttúrulega og eru því tilvaldar fyrir alla þá sem vilja auka æfingauðthald sitt fyrir reglulega íþróttaiðkun. Þær eru einnig stútfullar af steinefnum, trefjum og vítamínum og eru sönn ofurfæða. Rauðrófur eru gríðarlega andoxandi og hreinsa líkamann og styrkja ónæmiskerfið til muna. Ekki má gleyma því að aukið blóðflæði getur einnig virkað sem náttúruleg kynörvun fyrir bæði karla og konur. Rauðrófur eru sannkölluð heilsubót.

Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögd er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýttist viðskiptavinum vel, að virknin skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögd á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og eru vörurnar framleiddar hér á landi. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Einnig hefur ICEHERBS opnað nýja vefverslun þar sem hægt er að pantabætiefnin: iceherbs.is

Vilt ekki mæta þreyttur á rásínuna

Það stýttist óðum í Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka en laugardaginn 20. ágúst munu fjölmargir hlaupa um götur borgarinnar, vonandi í góðum aðstæðum og stemningu.

gummih@frettabladid.is

Aflýsa hefur þurft hlaupinu undanfarin tvö ár vegna heimsfaraldursins en nú eru væntanlegir þátttakendur í fullum undirbúningi og að gera sig klára fyrir hlaupið en fjórar vegalengdir eru í boði, maraþon, hálfmaraþon, 10 kílómetrar og skemmtiskokk. Þetta verður í 37. sinn sem Reykjavíkumaraþonið fer fram en það fyrsta var árið 1984.

Einn af þeim fjölmörgu sem ætla að vera með í ár er Arnar Pétursson, margfaldur Íslandsmeistari í hinum ýmsu vegalengdum. Hann kom fyrstur í mark þegar Reykjavíkumaraþonið fór síðast fram, 2019, og varð þar með Íslandsmeistari í greininni fjórða árið í röð.

„Jú, jú, ég er að sjálfsgöðu skráður í maraþonið og eins og alltaf er mikil tilhlökkun fyrir því. Hápunkturinn á þessu tímabili var Laugavegshlaupið sem fram fór 16. júlí. Það gekk eins vel og hægt var að búast við. Þar náði ég næstbesta tíma sem náðst hefur í hlaupinu og vann það. Síðustu vikurnar hef ég verið að jafna mig eftir það og ég er kannski ekki alveg kominn í 100% gír. Maður þarf bara að vera þolinmóður en formið er gott,“ segir Arnar en Laugavegshlaupið var 55 kílómetra utanvegahlaup, sem hann hljóp á tímanum 4:33,07 klukkustundum.



Það er svo gaman að finna hlaupaandann sem myndast í Reykjavíkumaraþoninu.

Arnar Pétursson

Arnar segir að Reykjavíkumaraþonið sé stærsti hlaupaviðburðurinn á Íslandi á hverju ári og segist alltaf vilja taka þátt í því.

„Það er svo gaman að finna hlaupaandann sem myndast í kringum Reykjavíkumaraþonið. Stemningin er frábær. Það eru svo margir að ná markmiðum sínum, safna fullt af peningum í góðgerðarmál og það er svo mikil jákvæð gleði í kringum hlaupið. Þarna myndast ótrúlegur góður andi,“ segir Arnar.

Ekki keyra þig út fyrstu kílómetrana

Það eru eflaust margir að taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu í fyrsta sinn hvort sem þeir hlaupa heilt maraþon, hálf, 10 kílómetra eða skemmtiskokk.

En á Arnar til einhver góð ráð fyrir þessa aðila varðandi undirbúning?

„Það sem er mikilvægast næstu daga og þegar hlaupið fer af stað er að gera ekki of mikið. Þú vilt ekki mæta þreyttur á rásínuna og

Arnar Pétursson hefur borið sig úr bítum í fjögur síðustu skiptin í Reykjavíkumaraþoninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

ekki keyra þig út fyrstu tvo til þrjá kílómetrana hvort sem þú ert að hlaupa heilt maraþon, hálf eða 10 kílómetra. Það er betra að vera með markmið að hlaupa frekar 10 prósentum af hægt heldur en 10 prósentum of hratt fyrstu kílómetrana. Þú átt að leyfa þér að brosa og njóta andlega. Ef þú ert til-tölulega heill heilsu átt þú að vera þakklátur fyrir það að geta verið að undirbúa þig fyrir hlaupið. Það er ekkert sjálfsagt að fá tækifæri til að vera með. Það er fullt af fólki sem langar að taka þátt en getur það ekki af ýmsum ástæðum. Þetta verður erfitt og sársaukafullt á einhverjum tímamarkum í hlaupinu og þá er mikilvægt að takast á við það á jákvæðan hátt. Ég myndi mæla með því að fólk taki síðustu erfiðu æfinguna tíu dögum fyrir hlaupið.“

Arnar á besta tíma sem Íslendingur hefur hlaupið maraþon á í íslenskri grundu. Sá tími er 2:23,08 klukkustundir sem hann náði í Reykjavíkumaraþoninu þegar það fór síðast fram, árið 2019.

„Ég hef svo sem ekkert sett mér nein markmið tímalega séð. Ég er alveg í formi til að vera eitthvað í kringum þennan tíma sem ég hljóp á fyrir þremur árum. Ég er mikill keppismaður. Í Laugavegshlaupinu var ég ekki svo mikið að spá í tímanum. Mig langaði bara að keppa og vinna. Þegar sá hugsunarmáti er í gangi þá koma oftast en ekki góðir tímar í kjölfarið. Ég á eftir að taka eina stóra æfingu fyrir Reykjavíkumaraþonið. Ég nýt góðs af reynslunni og ég mun taka síðustu æfinguna stuttu fyrir hlaupið en sjálfur myndi ég ekki mæla með því fyrir hvern sem er.“ ■

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

Nýjar 2-3 herb. íbúðir í Mörkinni 8, 108 RVK fyrir rólega og reglusama eintaklinga eða pör (plús 30 ára). Langtímaleiga. V. 250 þ. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

Geymslúhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Fasteignir

OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 11. ágúst milli kl. 17.00 - 17.30

Bólstaðarhlíð 31
105 Reykjavík

Falleg, rúmgóð og vel skipulagða 116,7 fm hæð ásamt 24,8 fm bílskúr, samtals 141,5 fm

- 3 svefnherbergi
- Tvennar stofur
- Sér bílastæði fylgir þessari eign fyrir framan bílskúra
- Frábærum staðsetning

Nánari upplýsingar:
Páll Þórólfsson
Íbúg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Verð: **84,9 millj.**

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Halldórsson og Jónína Guðmundsdóttir, Eignir/Fasteignir

intellecta.is

RÁÐNINGAR

RIKISKAUP
AÐILLAÐ
RAMMASAMNINGUR

intellecta

Tilkynningar

Auglýsing um skipulagsmál í Hveragerði



Árhólmar 1 þjónustumiðstöð, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 18. júlí 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi á Árhólmasvæði í Hveragerði fyrir Árhólma 1 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin felst í auknu byggingarmagni þjónustumiðstöðvar innan núverandi byggingareitar úr 350 m² í 950 m². Skilmálar eru um gerð og yfirbragð byggingar.

Breytingartillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með 10. ágúst 2022 og er auk þess aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi miðvikudaginn 21. september 2022 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Til sölu



Uppþvottavélar fyrir allar stærðir eldhúsa



MBM húddvél LK626
Aukin framlegð í stórelðúsinu.
Húdd uppþvottavél með 45 cm opnun.
Þrjú kerfi 60/120/150 sek. 3 fasa 400 V.
Ytra mál BxDxH: 63,5 x 74,5 x 153
Stærð á kórflu 50 x 50 cm
Vatnsmagn 20 ltr
Hurðaoþ 45 cm



Aristarco Undirborðs uppþvottavél AF50.35 DP DDE V400
Ytra mál BxDxH: 57,2 x 63,0 x 81,4
Stærð á kórflu 45 x 45 cm
Tveir þvottaspaðar - efst og neðst
Innbyggður skammtari fyrir gljóa - Heit skolun
Vatnsmagn 18 ltr
Hurðaoþ 30,5 cm



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



hagvangur.is

HAGVANGUR



www.verslun.is



www.geirihf.is



FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS



www.verslun.is

Sýningarsalur - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

SUMAR HETJUR SKERA SIG ÚR



ΗΥΠΟΥΤΡΙΠΠΗ ΗΑΠΠΚ

Í KLÓM KATTARINS
KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

AKUREYRI  SAMBÍÓ

KEFLAVÍK  SAMBÍÓ



Fimmtán ára Íslandsmeistari á miklu flugi

Perla Sól Sigurbrandsdóttir úr Golfklúbbi Reykjavíkur ritaði nafn sitt í sögubækurnar um nýliðna helgi þegar hún varð Íslandsmeistari í golfi og það aðeins 15 ára gömul. Þrotlaus vinna liggur að baki árangrinum og ljóst að spennandi verður að fylgjast með þessum unga kylfingi í framtíðinni.

aron@frettabladid.is

GOLF „Tilfinningin er ótrúlega góð.“ segir Perla Sól við Fréttablaðið aðspurð hvernig tilfinning það sé að vakna sem Íslandsmeistari í golfi nú þegar nokkrir dagar eru liðnir frá mótinu í Vestmannaeyjum. „Síðan ég keppti fyrst á þessu móti ellefu ára gömul hefur það verið einn af draumum mínum að verða Íslandsmeistari. Það var eitt af markmiðum mínum fyrir mótið í Vestmannaeyjum að standa uppi sem Íslandsmeistari og virkilega ánægjulegt að því markmiði hafi verið náð.“

Spilaði vel við krefjandi aðstæður

Perla lék glimrandi vel á þeim þremur hringjum sem spilaðir voru í Vestmannaeyjum en blása þurfti lokaumferðina af vegna erfiðra veðuráðstæðna sem gerðu völlinn óleikhæfan.

„Það gekk nokkurn veginn allt upp samkvæmt áætlun hvað spilamennsku mína varðar á mótinu. Aðstæður fyrsta daginn voru ansi krefjandi með sterkum vindi en seinni tvo dagana urðu aðstæður skaplegri.“

Fjórdi dagurinn rann síðan upp með virkilega erfiðum aðstæðum. „Við náðum aðeins að spila fyrstu fjórar holur vallarins þann daginn áður en mótið var blásið af,“ segir Perla Sól og bætir því við að hún skilji vel ákvörðun mótsstjórnar um að blása fjórðu umferð mótsins af.

„Það mynduðust risapollar á grínunum vegna mikillar rigningar og að sama skapi var mikill vindur á svæðinu þannig að ákvörðunin var vel skiljanleg.“

Eftir þriðju umferðina voru Perla Sól í kvennaflokki og Kristján Þór Einarsson í karlaflokki í forystunni og því krýnd Íslandsmeistarar.

Skýst fam á sjónarsviðið

Perla Sól hefur verið að gera það gott undanfarin ár í golfíþróttinni en það er kannski í fyrsta skipti núna sem margir íslenskir íþrottaáhugamenn sjá hversu efnilegur kylfingur er þarna á ferð.



Perla Sól Sigurbrandsdóttir kom, sá og sigraði á Íslands-mótinu í golfi í Vestmannaeyjum um síðustu helgi.

MYND/GSI/SETH

Hún hefur náð ansi langt í íþróttinni þrátt fyrir að vera aðeins 15 ára gömul og með stuttan feril í íþróttinni að baki. Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn er kominn í hús og lagði Perla þar að velli margar af fyrirmyndum sínum og margfalda Íslandsmeistara á borð við Guðrúnu Brá Björgvinsdóttur og Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur. Hún segir það óneitanlega sérstakt að fá tækifæri til þess að spila með og á móti fyrirmyndum sínum.

„Það er bara virkilega gaman. Ég hef litid upp til þeirra lengi og finnst það þvílík forréttindi að fá tækifæri til þess að spila með þeim og á móti.“

Áhrif frá stóra bróður

Perla byrjaði að æfa golf þegar að hún var átta að verða níu ára. „Ég fór nánast um leið að keppa á golfmótum.“ Aðspurð hvers vegna hún hafi ákveðið að æfa golf frekar en aðrar íþróttir segir Perla að ástæðan fyrir því sé bróðir hennar, Dagbjartur Sigurbrandsson, sem er einnig efnilegur kylfingur.

„Mamma og pabbi eru hvorug í golfi en Dagbjartur bróðir minn var byrjaður að spila á þessum tíma og hann dró mig með sér á völlinn í upphafi.“

Golf-bakterian var ekki lengi að hertaka Perlu Sól. „Ég fór strax að

Skipar sér sess í sérflokki

Perla Sól er næstýngsti kylfingurinn til þess að verða Íslandsmeistari í kvennaflokki. Hún var aðeins 15 ára, 10 mánaða og 11 daga gömul er Íslandsmeistaratitillinn var í höfn.

Ragnhildur Sigurðardóttir er yngsti kylfingurinn til þess að vinna Íslandsmeistaratitillinn í kvennaflokki. Það gerði hún í fyrsta skipti árið 1985, þá 15 ára, 1 mánaðar og 14 daga gömul. Hún hefur unnið fjóra Íslandsmeistaratitla á sínum ferli til þessa.

Perla vissi af þessari staðreynd eftir að hafa spilað með Ragnhildi. „Ég spilaði einu sinni lokahring með Ragnhildi í meistaramótinu og þá sagði hún mér frá þessari staðreynd. Síðan þá hefur mig alltaf langað til þess að vinna Íslandsmeistaratitillinn 15 ára.“

Þær tvær skipa sér nú í sérflokk og eru einu kylfingarnir í kvennaflokki til þessa sem hafa orðið Íslandsmeistarar fimmtán ára gamlar.

reyna fyrir mér á golfnámskeiðum og hélt síðan áfram að æfa mig. Þetta er síðan komið á það stig núna að eitt af markmiðunum hjá mér er að verða atvinnukylfingur.“

Æfingin skapar meistarann

Það er ljóst að framtíðin er björt í golfinu hjá Perlu Sól enda ekki á færi allra að verða Íslandsmeistari í fullorðinsflokki aðeins 15 ára gamlir. Hæfileikar, ásamt þrotlausum æfingum og metnaði, búa



Forréttindi að fá tækifæri til að spila með þeim og á móti.

að baki þessum frábæra árangri Perlu.

„Ég æfi mig rosalega mikið og auk þess hef ég verið dugleg við að keppa á mótum undanfarið, bæði hér heima sem og erlendis. Það hefur að mínu mati hjálpað mér alveg gríðarlega mikið í aðdraganda Íslandsmótsins.“

Eitt af afrekum Perlu Sól var aðdraganda Íslandsmótsins var að verða Evrópumeistari í flokki stúlkna 16 ára og yngri á European Young Masters en mótið fór fram í Finnlandi undir lok júlímánaðar. Perla Sól sýndi á mótinu lipra takta og tryggði sér Evrópumeistaratitillinn með þútti undir pressu á loka-hollunni. Hún varð þar með brautryðjandi íslenskra kylfinga því aldrei áður hefur Íslendingur unnið mótið.

Valin í úrvalslíð Evrópu

Fleiri góðar fréttir berast síðan úr herbúðum Perlu Sól því að á dögunum var hún valin í úrvalslíð Evrópu hjá stúlkum 16 ára og yngri sem mun keppa gegn úrvalslíði Breta og Íra síðar í mánuðinum. Perla segir það mikinn heiður að vera valin í úrvalslíðið.

„Ég fékk tilkynningu um að ég hafi verið valin í úrvalslíðið nokkrum dögum eftir að ég varð Evrópumeistari. Það er náttúrulega bara frábært að vera valin í þetta líð og fá tækifæri til að keppa fyrir hönd Evrópu á svona öflugum móti og stór áfangi fyrir mig.“

Það er því stutt stórra högga á milli hjá Perlu Sól og í nægu að snúast. Um næstu helgi keppir hún á Íslandsmóti unglunga og í kjölfarið tekur við mót um Korpubikarinn sem og mót með úrvalslíði Evrópu undir lok mánaðar.

Við munum vafalaust heyra meira af afrekum Perlu Sól Sigurbrandsdóttur í framtíðinni og ljóst að hún hefur alla burði til þess að gera það gott næstu áratuginu í golfíþróttinni. ■

Sneru dæminu við eftir slaka byrjun og stefna á efri hlutann

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari karlaliðs Keflavíkur, er að vonum ánægður með tímabilið í Bestu deildinni það sem af er. Margir sérfræðingar spáðu Keflavík falli fyrir mót, liðið er hins vegar um miðja deild.

„Okkur var spáð falli af flestum en ég vissi að þegar liðið væri komið saman og við búnir að fá smá tíma með því þá yrðum við með gott lið, betra en í fyrra,“ segir Sigurður Ragnar, en á síðustu leiktið varð liðið í tíunda sæti, stigi frá fallsæti.

Keflavík átti erfitt uppdráttar í upphafi leiktíðar og var án stiga eftir fyrstu fjóra leiki deildarinnar. Sigurður segir að liðið hafi ekki alveg verið tilbúið á þeim tímapunkti. „Joey Gibbs kom stuttu fyrir mót og Adam Pálsson einhverjum



Ég er bjartsýnn að eðlisfari og hef trú á liðinu.

dögum fyrir mót, svo voru mikil meiðsli í byrjun tímabils, svo við náðum ekki að púsla þessu öllu saman strax, en svo höfum við orðið betri og betri.“

Keflvíkingar eru nú í sjöunda sæti deildarinnar, aðeins þremur stigum á eftir KR, sem er sæti ofar. Markmiðið héðan af er að vera í efri hlutanum þegar deildinni verður

skipt upp að 22 umferðum loknum. „Það er hörkugóð áskorun og markmið sem er krefjandi, en ég tel að við getum það. Kannski þurfum við smá heppni með okkur,“ segir Sigurður.

Keflavík og KR mætast einmitt í næstu umferð í gífurlega mikilvægum leik. „Vonandi fáum við fullt af fólki á völlinn og náum að stríða þeim.“

Liðið sem er verið að smíða saman í Keflavík hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár. Það var nýliði í efstu deild í fyrra. „2019 var Keflavík í fimmta sæti í næstefstu deild. Liðið hefur ekki verið það neðarlega síðustu 40 ár að minnsta kosti. Það hefur verið stöðugur uppgangur síðan og framfarir. Við erum enn með þriðja eða fjórða yngsta liðið í deildinni, erum að þróa okkur áfram og verða betri.



Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari karlaliðs Keflavíkur.

Ég er bjartsýnn að eðlisfari og hef trú á liðinu.“

Sigurður tók einn við liði Keflavíkur eftir síðasta tímabil. Hann hafði stýrt því ásamt Eysteini Húna Haukssyni í tvö ár. Hann segir það ekki sitt að segja til um hvort það hafi reynst rétt skref en að gengið sé í það minnsta gott. „Við erum komnir með jafnmörgu stig og við fengum allt mótið í fyrra, erum að skora fleiri mörk og markatalan betri. Mannskapurinn er líka betri en í fyrra og liðið reyndara. Árið í fyrra var mikilvægt fyrir okkar leikmenn til að fá reynslu í Bestu deildinni. Það er tekið eitt skref í einu og það hefði ekkert verið hægt að sleppa þessu þrepi sem við tókum í fyrra. Núna erum við svo bara á næsta þrepi. Markmiðið er að halda áfram og byggja ofan á það,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari Keflavíkur. ■

Haustnámskeið ADHD samtakanna

Fjölbreytt og vönduð námskeið fyrir börn, ungmenni og fullorðna með ADHD sem og þjálfara, tómstundafulltrúa, kennara og aðstandendur barna og ungmenna með ADHD.



Kynnið ykkur haustnámskeið ADHD samtakanna, takmarkaður sætafjöldi.

Skráning á adhd.is



Áfram veginn!

Fjarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD. Á netnámskeiðinu ætlum við að fræðast um ADHD með styrkleika að leiðarljósi.



Skólinn og ADHD

Fjarnámskeiðinu er ætlað að efla þekkingu hjá kennurum og öðru starfsfólki skólasamfélagsins sem vinna með börnum með ADHD.

„Frábært námskeið sem breytti lífi okkar.“

— Faðir 9 ára drengs.



Taktu stjórnina

Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD.



Fræðslunámskeið

Fjar- og staðnámskeið fyrir aðstandendur barna og ungmenna með ADHD. Pabbar, mömmur, afar og ömmur... öll velkomin!

„Nú þekki ég mig sjálfa og skil hvað var í gangi.“

— 33 ára kona með ADHD.



Súper krakkar – stelpur

Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 9-12 ára stelpur með ADHD.



Áfram stelpur

Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur með ADHD.

„Mikið vildi ég að svona námskeið hefði verið í boði þegar ég byrjaði að þjálfra.“

— 54 ára íþróttþjálfari.



TÍÁ!

Fjarnámskeið um tómstundir, íþróttir og ADHD fyrir þjálfara, tómstundafulltrúa, starfsfólk skóla ofl..



Súper krakkar – strákar

Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 9-12 ára stráka með ADHD.



LYFIN Í LÚGUNA

Bílaapótek

OPIÐ alla daga



VESTURLANDSVEGI 9-22
HÆÐASMÁRA 10-23

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

Renndu við

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Hjólin í hellinum** Þáttur um fjölmiðilinn Tröllla á Siglufirði í umsjón Helga Jónssonar.
- 20.00 Þórsmörk - friðland í 100 ár - fyrri þáttur (e)** Tveggja þátta röð um sögu friðunar Þórsmarkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Markaðurinn (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Sumarlandabrot**
- 13.15 Útvar 2013-2014** Borgarbyggð - Hornafjörður.
- 14.20 Söngvaskáld** Gunnar Þórðarson.
- 15.00 Sumarlandinn**
- 15.35 Hvunn dagshetjur** Örvar og Gréta.
- 16.05 Heilabrot**
- 16.40 Orðbragð**
- 17.05 Græni slátrarin**
- 17.35 Náttúran mín** Skrúður.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Töluhúsið**
- 18.06 Hæ Sámur**
- 18.13 Lundaklettur**
- 18.20 Lestrarhvatutti**
- 18.27 Skotti og Fló**
- 18.34 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 18.45 Lag dagsins** Bubbi - Leiðin liggur ekki heim.
- 18.52 Vikinglöttó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Sumarlandabrot**
- 19.45 Keramik af kærleika**
- 20.15 Dauðinn beið okkar - Þegar alnæmi kom til Danmerkur - Seinni hluti** Dönsk heimildarmynd frá 2020 í tveimur hlutum sem varpar ljósi á líf nokkurra samkynhneigðra manna sem rífa upp árin upp úr 1980. Lífið virtist brosa við þeim þegar fregnir tóku að berast af dularfullum og ólæknandi sjúkdómi sem virtist aðeins leggjast á homma.
- 21.00 Versalir Versailles**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Hver er Ghislaine Maxwell?**
- 23.10 Ófærð**
- 00.00 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 How We Roll**
- 15.25 Black-ish**
- 16.55 Spin City**
- 17.20 The King of Queens**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Kenan**
- 19.40 The Neighborhood**
- 20.10 George Clarke's Remarkable Renovations**
- 21.05 Transplant**
- 21.55 Annika**
- 22.45 Queen of the South**
- 23.30 The Late Late Show**
- 00.15 FBI**
- 01.00 Yellowstone**
- 01.45 Impeachment**
- 02.30 The L Word. Generation Q**
- 03.25 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 08.55 Bold and the Beautiful**
- 09.15 Manifest**
- 09.55 Lóa Pind. Snapparar**
- 10.30 Dýraspítalinn**
- 11.00 Kjötætur óskast**
- 11.45 Matargleði Evu**
- 12.00 Um land allt**
- 12.40 Nágrannar**
- 13.00 Ísskápastríð**
- 13.35 Gulli byggir**
- 14.15 Besti vinur mannsins í þessum frábæra þætti kynnumst við þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra.**
- 14.30 Temptation Island**
- 15.15 Lóa Pind. Bara geðveik**
- 15.50 Fósturbörn**
- 16.15 Flirty Dancing**
- 17.05 Last Week Tonight**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.50 Ísland í dag**
- 19.05 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 19.30 Backyard Envy**
- 20.15 Cheaters**
- 20.45 Coroner**
- 21.30 Unforgettable**
- 22.10 S.W.A.T.**
- 22.50 Animal Kingdom**
- 23.35 The Mentalist**
- 00.15 Manifest**
- 01.00 Um land allt**
- 01.35 Ísskápastríð**
- 02.05 Temptation Island**
- 02.45 Flirty Dancing**
- 03.30 Last Week Tonight**

Saga skógræktarinnar í Þórsmörk í 100 ár

Í kvöld rekur Sigmundur Ernir sögu skógræktarinnar í Þórsmörk og Goðalandi, sunnan Krossár, en bændur í næstu hreppum af-réðu við dagsbrún síðustu aldar að draga úr rekstri sauðfjár inn í þessa paradís náttúrunnar. Við það lifnaði yfir náttúrulegum skógi svæðisins – og með ræktarsemi á næstu áratugum tókst að endurheimta viðkvæm svæði og klæða þau trjám. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
17					

LÁRÉTT

- 1 sveigur
5 léleg
6 óð
8 steikjast
10 tveir eins
11 rangl
12 hugsu
13 flauel
15 eftirmynd
17 uppgötva

LÓÐRÉTT

- 1 slöngvi-kraftur
2 hreinsað
3 miski
4 fiskur
7 ljósneimi
9 vandfýsin
12 malur
14 tilvist
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 krans, 5 aum, 6 aer, 8 stikna, 10 tt, 11 raf, 12 pæla, 13 flos, 15 líking, 17 finna.
LÓÐRÉTT: 1 kastafi, 2 rút, 3 ami, 4 sænal, 7 rafuga, 9 kræsin, 12 poki, 14 líf, 16 nn.

Sudoku

			2	4		1		6
		7		3	8	9	5	
		5		7				
				9		5		
8	9			6		2	1	
					4	3		7
6		4		5		8		
7		1				6	4	
3	8							

				4			9	
3	4	5				6		8
6	7						2	
				5			3	
		6	2	3				4
9	1					8		2
					8			1
			6	1				
8				3				7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 18. ágúst gefur Fréttablaðið út sérblaðið

HEILSURÆKT

Blaðið hittir beint í mark hjá fólki sem vill hreyfa sig og rækta heilsuna og er það ætlað öllum aldurshópum.

Við fjöllum um alls kyns hreyfingu, hollan mat og verðum með skemmtileg viðtöl.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi.
Sími 550-5652/arnarm@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Guðni Valberg arkitekt og Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur munu fræða gesti og gangandi um byggingar- og skipulagssögu Laugavegar í skemmtilegri kvöldgöngu. MYND/ADSEND

Það sem er og var og aldrei varð á Laugaveginum

Sagnfræðingurinn Anna Dröfn Ágústsdóttir og arkitektinn Guðni Valberg munu leiða áhugasama um Laugavegin á sögugöngu fimmtudagskvöldið 11. ágúst klukkan 20.00. Farið verður yfir byggingar- og skipulagssögu svæðisins með áherslu á það sem er, var og aldrei varð á þessari sögufrægustu götu borgarinnar.

ragnarjon@frettabladid.is

Laugavegurinn er ein fjölbreyttasta og fjölfarnasta verslunargata landsins. En hún hefur ekki einungis upp á búðarglugga og veitingastaði að bjóða heldur geymir hún einnig gríðarmikinn sögulegan arf.

Þetta hafa Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur og Guðni Valberg arkitekt gert að umfjöllunar efni sínu í bókinni Laugavegur sem kom út fyrir síðustu jól á vegum Angústúru. Þar eru tekin fyrir 120 húsnúmer við Bankastræti og Laugaveg og saga þeirra rakin í máli og myndum.

Í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur bjóða hjónin nú upp á sögugöngu um Laugavegin fimmtudagskvöldið 11. ágúst klukkan 20, en farið verður frá Stjórnarráðinu og að Klapparstíg. Fjallað verður um byggingarsögu valinna húsa í samhengi við þróun verslunar og skipulag aðalgötu borgarinnar og verða mörg af þeim húsum sem birtast í bókinni tekin fyrir.

Mjög sérstök gata

Anna Dröfn segir Laugavegin hafa vakið áhuga þeirra vegna sérstöðu sinnar.

„Gatan er mjög sérstök að mörgu leyti og þetta er einnig merkilega löng gata,“ segir Anna en bókinn telur Bankastrætið einnig með í yfirferð sinni. „Þetta er yfir kílómetri frá Lækjartorgi að Hlemmi en það er svæðið sem fjallað er um í bókinni.“

Annað sem Anna nefnir er að gatan hafi byggst upp á mjög löngum tíma.

„Þannig eru ótrúlega margir



Hans Petersen-húsið í Bankastræti er eitt þeirra húsa sem fjallað verður um í göngu Önnu og Guðna. MYND/ADSEND



Gatan er mjög sérstök að mörgu leyti og þetta er einnig merkilega löng gata.

Anna Dröfn Ágústsdóttir

Laugavegur fylgir eftir fyrri bók hjónanna frá 2014 sem kallast Reykjavík sem ekki varð, en þar fjölluðu þau um sögufrægar byggingar í Reykjavík sem upphaflega átti að reisa á öðrum stöðum eða í annarri mynd. Anna segir að slíkar hugmyndir um byggingar sem aldrei urðu muni einnig verða partur af göngunni.

„Þannig erum við líka með þessa draumsýn. En hún loðir alltaf við þar sem þetta eru alltaf svona draugar og draumar,“ segir Anna sem tekur þó fram að gangan muni fjalla um byggingarnar í sinni núverandi mynd. „Það eru oft vísbendingar um bæði það sem var og hefði getað orðið í húsunum sem standa við götuna í þeirri mynd sem þau eru í í dag,“ segir hún.

Ýmis hús tekin fyrir

Sem dæmi um hús sem tekin verða fyrir í göngunni nefnir Anna Hans Petersen-húsið sem stendur við Bankastræti.

„Það var til dæmis bara byggð ein hæð en uppi voru hugmyndir um fleiri hæðir. Svo er líka mjög gaman að skoða hornið þar sem Ingólfsstræti sker Bankastrætið en þar eru alls konar vísbendingar um hvernig húsin hefðu getað verið öðruvísi.“

Gangan er partur af viðburðaröð sem Borgarsögusafn, Borgarbókasafn, Listasafn Reykjavíkur og Bókmenntaborgin standa fyrir. Upplýsingar um allar göngurnar er að finna á vef Borgarbókasafnsins og á Facebook-síðunni Kvöldgöngu. ■

Misjafn tónlistarflutningur

TÓNLIST

Hjónabandssæla

Verk eftir Schumann
Flytjendur: Hlín Pétursdóttir Behrens og Erna Vala Arnardóttir
Eldborg í Hörpu
sunnudaginn 7. ágúst

Jónas Sen

Einn brandari á netinu hljómar svo: „Þegar ég var greindur með geðhvarfasýki vissi ég ekki hvort ég átti að hlæja eða gráta.“ Tónskáldið Robert Schumann fékk einmitt þessa greiningu, en þó ekki fyrr en löngu eftir dauða sinn. Lengi var talið að hann hefði verið með geðklofa, eða schizofreníu. En svo var það lærður geðlæknir, Hans Gruhle, sem afgreiddi málið 50 árum eftir dauða Schumanns, kvað úr um að hann hefði verið með geðhvarfasýki. Hann hélt því líka fram að hann hafi þjást af lokastigi sársóttar, sem getur meðal annars valdið heilabilun.

Víst er að tónlist Schumanns er mjög öfgakennd, og sönglögin sem flutt voru á tónleikum í Eldborg í Hörpu á sunnudaginn voru full af tilfinningum. Tónleikarnir voru hluti af árlegri tónlistarhátíð sem nefnist Seigla. Að þessu sinni kom fram Hlín Pétursdóttir Behrens sópran og Erna Vala Arnardóttir píanóleikari. Áheyrendur sátu á sviðinu og horfðu út í sal, sem var óvanalegt.

Sjóðandi heitt stjörnuþar

Yfirskrift tónleikanna var Hjónabandssæla. Robert og Clara Schumann voru eitt helsta stjörnuþar tónlistarsögunnar. Þau voru samherjar, hann tónskáldið en hún heimsfrægur píanóleikari. Hún var reyndar tónskáld líka og samdi forkunnarfagra tónlist, en það er önnur saga. Á milli atriða sögðu þær Hlín og Erna frá ýmsu úr lífi hjónanna, hvernig samband þeirra var og hvað þau skrifuðu í dagbækur sínar. Það var mjög skemmtilegt og fróðlegt og kitlaði oft hláturtaugar áheyrenda, undirritaðs þar á meðal.

Misheppnuð túlkun

Þetta eru góðu fréttirnar. Þær slæmu eru að sjálfur tónlistarflutningurinn var ekkert til að hrópa húrta fyrir. Söngur Hlínar var afskaplega takmarkaður. Röddin var mjó og veikburða, tilfinningarnar í skáldskapnum sem tónlistin átti að miðla skiluðu sér engan veginn til áheyrenda. Túlkunin var ríslitil og rísti heldur ekki djúpt. Lögin, sem voru



Erna Vala Arnardóttir píanóleikari og Hlín Pétursdóttir Behrens sópran fluttu verk eftir Robert Schumann.

MYND/PÉTUR ERNIR SVAVARSSON



Víst er að tónlist Schumanns er mjög öfgakennd, og sönglögin sem flutt voru á tónleikum í Eldborg í Hörpu á sunnudaginn voru full af tilfinningum.

öll eftir Schumann, voru úr ýmsum áttum og fjölluðu um margvíslegar hliðar ástarinnar, en það var ekki að heyrna hér. Þvert á móti var söngurinn alltaf eins, þar var engin fjölbreytni, ekkert ímyndunarafli.

Erna Vala spilaði ágætlega á píanóið í sönglögunum, en píanóröddin þar er svo sem ekki mjög krefjandi. Miklu verri var einleikur hennar í þremur fantasíum úr Kreisleriana eftir Schumann, en hann var hreint alls ekki fullnægjandi. Fantasíurnar voru nr. 5, 6 og 7 og einkenndust af minnisglöppum og óöryggi í flutningi. Sú síðasta, mjög hröð, var verst, auk þess sem Erna Vala sleppti að spila seinni helming hennar. Útkoman var alls ekki góð. Þetta er synd því ég hef heyrt báðar listakonurnar í flottu formi, og því er ljóst að þær geta gert mun betur. ■

NIDURSTADA: Fróðleg dagskrá en tónlistarflutningurinn olli vonbrigðum.

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN & GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Fullt hús ELO-stiga


toti@frettabladid.is



Ólafur Stephensen

„Það er nokkuð viðtekin skoðun að kvikmyndin Xanadu hafi verið hræðilegt flopp, en tónlistin í myndinni seldist hins vegar í skipsförmum og fimm lög rötuðu á topp 20 í Bandaríkjunum, þar á meðal Xanadu, sem var samstarfsverkefni Newton-John og minna átrúnaðargoða í Electric Light Orchestra,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sem heillaðist, á besta hugsanlega aldri, af Xanadu í Laugarásbíói 1980.

Ólafur er enda einhver nafntogaðasti og stoltasti aðdáandi hljóm-sveitarinnar ELO á landi hér og vart þarf að deila um hversu mikilvægt framlag Jeff Lynne og félagar var myndinni sem án tónlistarinnar væri sjálfsagt löngu fallin í gleymiskunnar dá.



„Ég mætti í Laugarásbíó fullur eftirvæntingar um jólaleytið 1980. Ekki var nóg með að þarna kæmu saman tónlist ELO og kynþokkafyllsta kona veraldar að mati okkar margra sem vorum að skríða inn á táningsárin og höfðum séð Grease tveimur árum fyrr, heldur var þetta fyrsta bíómyndin sem var sýnd á Íslandi í Dolby Stereo. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum – lokaatriðið með titillaginu er ógleymanlegt og mér fannst strætó númer fjögur svífa á leiðinni aftur vestur í bæ. Það er svo kannski ögn kaldhæðnislegt að Xanadu er eina lag ELO sem hefur náð toppsætinu á breska vinsældalistanum – eflaust hefur divueffekt Oliviu Newton John átt sinn þátt í því.“

Sagan segir að Grétar Hjartarson, forstjóri Laugarásbíós, hafi ákveðið að láta setja upp Dolby-kerfi í bíóinu eftir að hafa horft á Xanadu í mónó svo áhorfendur gætu notið hennar í víðómi. ■



Sameiningartákn kynslóða kveður

Olivia Newton-John var 73 ára þegar hún lést á mánudaginn og ýkjulaust má segja að með henni sé gengin músa heilu kynslóðanna. „Hún er fyrsta söngkonan sem ég man eftir að hafa fallið fyrir,“ segir Selma Björnsdóttir um þennan alvöru áhrifavald sem sprakk út á tímum þar sem slík nafnbót var ekki orðin alger merkingarleysa.

toti@frettabladid.is



Olivia Newton-John kvaddi þennan heim á mánudaginn og þó að á langri og tilkomumikilli afrekaskrá hennar séu meðal annars tæplega 40 lög á Billboard Hot 100 vinsældalistanum mun Grease sennilega fyrst og fremst halda minningu söng- og leikkonunnar á lofti um ókomna tíð. Enda hefur Sandy Olson, jafnvel bara þekktari sem Sandy baby, fylgt Newton-John eins og skugginn frá því þau John Travolta tjúttuðu og trylltu lýðinn fyrst í kvikmyndasöngleiknum 1978.

„Hún er fyrsta söngkonan sem ég man eftir að hafa fallið fyrir,“ segir Selma Björnsdóttir, stallsystir Oliviu í leik og söng, en hún átti síðar eftir að feta í dansspor Newton-John þegar hún lék Sandy, mjúka töffarann með harða kjarnann, í Grease í Borgarleikhúsinu 1998.

Sungid í ljósaperu

„Ég var bara fjögurra ára gömul þegar myndin kom út. Ég var von að setja náttkjól á hausinn á mér, svo ég væri með í þykjustunni sitt hár sem lafði niður á bak, svo stóð ég með ljósaperu fyrir framan spegil og söng Hopelessly devoted to you,“ heldur Selma áfram hlæjandi.

„Síðan rættist einfaldlega barn-æskudraumur öllum þessum árum síðar þegar ég fékk að leika hana, þannig að hún hefur alltaf átt stóran sess í hjarta mínu og líka þegar hún gerði Xanadu og allt þetta. Hún var með magnaða rödd og er ótrúlega flott söngkona.“

Olivia lék músuna Kiru í Xanadu sem kom í kjölfar Grease 1980 og festi söngkonuna enn frekar í sessi meðal allra skærustu stjarna komandi áratuga þannig að ekki má vanmeta áhrifamætt þeirrar annars heldur hallærislegu kvikmynda en með sameiginlegu átaki fóru hljóm-sveitin ELO og Newton-John nokkuð létt með að gera myndina sígilda.

Enn að syngja Grease-lögin

Þá verður ekki af þessum tveimur myndum sem komu út með tveggja ára millibili tekið að þær eru uppspretta margra vinsælustu og þekktustu laga söngkonunnar: Hopelessly Devoted to You, You're the One That I Want, Summer Nights, Magic og að sjálfsögðu Xanadu.

„Síðan er eitthvað við þetta lag, því að þegar dóttir mín var tveggja ára og hafði ekki hugmynd um að ég hefði leikið Sandy í Grease, bara elskaði myndina, þá var hún alltaf að syngja hástöfum „Hombasini róteit jú“ sem var „Hopelessly Devoted to you“. Þannig að hún var ekki einu sinni farin að tala almennilega en söng þetta af öllu hjarta.“

Selma segir augljóst að Olivia hafi náð til fólks sama af hvaða kynslóð það er. „Þessi mynd er náttúru-



Physical, langvinsælasta lag Oliviu, kom út 1976.

lega algjörlega svo fyrir alla og ég er enn þá að syngja þessi lög, eins og „You're the One that I want“. Ég tók það um verzlunarmannahelgina og það stakk í hjarta að fá þessar fréttir af æskufyrirmyndinni.“

Verðlaun og viðurkenningar

Olivia Newton-John fæddist í Cambridge á Englandi 26. september 1948 og var því 73 ára þegar hún lést. Aðdáendur hennar, samstarfsfólk og vinir hafa víða minnst hennar með hlýhug síðan á mánudaginn, ekki síst á samfélagsmiðlum þar sem hún er mæld einum rómi fyrir mikla mannkosti og hjartahlýju.

Hún var fimm ára þegar fjölskylda hennar flutti til Austurlands þar sem hún ólst upp og bjó þangað til henni var ráðlagt að freista gæfunnar í Bandaríkjunum 1975 og hún lagði í farsældarferð sem nú er lokið eftir að hún laut í lægra haldi fyrir brjóstakrabbameininu sem hún greindist fyrst með 1992.

Hún lagði sitt af mörkum til krabbameinsrannsókna, stofnaði meðal annars The Olivia Newton-John Cancer Wellness and Research Centre í Melbourne í Ástralíu. Þá lét hún mjög að sér kveða í umhverfisvernd og ýmsum manúðarmálum og hlaut ekki síður viðurkenningar fyrir þau störf sín en afrekin í skemmtanabransanum en fyrir það síðarnefnda aðlaði Elísabet Englandsdrottning hana og veitti OBE-orðuna.

Newton-John er fjórfaldur Grammy-verðlaunahafi sem náði fyrst inn á Billboard 100 með laginu If Not for You árið 1971 og komst síðast þar inn 2010 þegar hennar vinsælasta lag, Physical, komst aftur á blað, í 89. sæti, eftir að það var sungið í sjónvarpsþáttunum Glee.

Síðan er vert að minnst þess að Newton-John söng fyrir Bretland í Eurovision 1974 og náði 4. sæti með laginu Long Live Love sem átti vitaskuld ekki séns í ABBA og Waterloo. ■



Aðdáendur Newton-John minnst hennar margir við stjörnu hennar á Frægðarbrautinni.




Hún var með magnaða rödd og er ótrúlega flott söngkona.

Selma Björnsdóttir

1981 og var í tíu vikur á toppi Billboard.



Olivia og John Travolta gerðu Sandy og Danny ódauðleg í Grease 1978.



Xanadu kom út tveimur árum á eftir Grease og þar festi Olivia sig í sessi í frekar glataðri mynd sem tónlist ELO og hún sjálf gerðu sigilda.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Löngu áður en Daenerys Targaryen flaug ljósum logum á drekum sínum háðu forfeður hennar blóðuga borgarastyrjöld sem nýju þættirnir House of the Dragon gera grein fyrir í anda hinna vinsælu Game of Thrones. MYND/HBO

Íslenskir aðdáendur Game of Thrones eiga í fá Drekahus að venda

odduraevar@frettabladid.is

House of the Dragon, nýjasta sjónvarpsþáttaröðin úr smíðju HBO og svokallað forframhald af Game of Thrones þáttunum, verður hvergi sýnd á Íslandi.

Stöð 2 sýndi Game of Thrones á sínum tíma þegar þættirnir voru meðal vinsælustu þátta veraldar. Stöðinni bauðst ekki að taka nýju seríuna til sýninga þar sem HBO framleiðir hana eingöngu fyrir eigin streymisveitu, HBO Max.

„Við munum ekki sýna hana. Þetta er efni sem HBO Max er að framleiða fyrir sína veitu og heldur þessu því alveg að sér eins og Netflix myndi gera,“ segir Þóra Clausen, dagskrárstjóri Stöðvar 2.

Nýju þættirnir gerast hundruðum ára á undan Game of Thrones og er borgarastyrjöld Targaryen-fjölskyldunnar í brennidepli í þáttaröðinni sem byggir á bókum George R.R. Martin.

Stöð 2 var heimili HBO hér á landi



Þetta er efni sem HBO Max er að framleiða fyrir sína veitu.



Þóra Clausen

um árabíl en breyting varð þar á árið 2019 með tilkomu HBO Max. Opna átti streymisveituna á Íslandi í ár en breyting hefur orðið þar á eins og kemur fram í svörum WarnerMedia við spurningum Fréttablaðsins á síðu 4 í dag.

Þóra segir aðspurð leitt að Game of Thrones nörðar séu svo gott sem munaðarlausir á Íslandi. „Svona er heimurinn að þróast eins og er. Streymisveiturnar eru að halda efni hjá sér og ekki að selja efni til „lókala“ stöðvanna. Hvenær þeir koma svo til Íslands er síðan stóra spurningin,“ segir Þóra.

Hún segir aðspurð engan skell fyrir Stöð 2 að fá ekki að sýna HBO-þættina. „Alls ekki. Við stöndum ekki og föllum með þessu, heldur erum mest að einbeita okkur að okkar eigin innlendu framleiðslu, eins og Idol,“ segir Þóra keik.

„En auðvitað er það fast í minnum manna að við vorum heimili HBO hérlandis, en svo eru þeir bara að fara af stað sjálfir.“ ■

Ekki í boði að frumburður Þórhalls verði kallaður sonur sonar Ladda

odduraevar@frettabladid.is

„Hann er alveg yndislegur,“ segir grínistinn Þórhallur Þórhallsson um þá risastóru stund þegar hann kom sjö vikna gömlum syni sínum loksins til að hlæja.

„Þetta er mómentíð sem ég er búinn að vera að bíða eftir,“ segir Þórhallur hlējandi en hann hélt uppistandssýningu í maí þar sem hann grínadist að sjálfsgöngu með nýfæddan frumburðinn.

„Þetta er búíð að vera mjög erfitt. Ég er búinn að koma með allt mitt besta efni, segja alls konar brandara, en ekkert hefur virkað fyrr en loksins í gær. Þá fékk ég hann til að hlæja!“

Hvað var það sem virkaði?

„Það var bara létt pot í bollukinnarnar hans og segja gúgú! Þá kom hlátur,“ segir Þórhallur skellihlējandi. „Þetta voru alls konar geiflur, svo sýndi ég honum allt TikTok-ið mitt og eitthvað en ekkert gekk. Ég prófa þetta á næstu uppistandssýningu, að pota og klípa í kinnarnar á fólki og segja gúgú.“



Sonur grínarans Þórhalls Þórhallssonar fær ekki nafn pabba síns og afa.



Þetta er mómentíð sem ég er búinn að vera að bíða eftir.

Sonur Þórhalls verður nefndur á sunnudag og faðirinn gefur ekkert upp um nafnið nema að drengurinn verður ekki nefndur honum og afanum. „En hann verður ekki Þórhallur! Ég ætla að hlífa honum við að vera kallaður sonur sonar hans Ladda,“ segir Þórhallur enn hlējandi. ■



NORDAL ROCOTO
Mortel. Brúnn marmari. Ø17 x 8 cm. 14.990 kr.

NÝTT



ASPEN
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Kentucky koniakslitað bonded leður. 253 x 145 x 84 cm. 249.990 kr.

KYRRÐ

Gólfmotta með kögri - Rut Kára
160x240 cm. 109.990 kr.
160x300 cm. 135.990 kr.
200x300 cm. 169.990 kr.
300x400 cm. 325.990 kr.

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

h



Katarzyna átti sig á þörfinni fyrir einhvers konar félagsmiðstöð fyrir foreldra ungbarna eftir að hún eignaðist son sinn í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Opnar smábarnakaffihús

Pólski ljósmyndarinn Katarzyna Deptula stefnir á opnun nýs ungbarnakaffihúss í póstnúmeri 105 með haustinu þar sem hún telur foreldra ungra barna sárvanta samkomustað þar sem börnin geti leikið sér og fengið hollan mat að borða.

ninarichter@frettabladid.is

„Þetta byrjaði í fyrra þegar sonur minn fæddist í lok maí,“ segir pólski ljósmyndarinn Katarzyna Deptula sem hyggst opna nýtt ungbarnakaffihús á næstu mánuðum.

„Ég komst að því að það var bókstaflega enginn staður til að fara á. Þegar hann var orðinn nógu stór til að fara út og hitta önnur börn var þegar orðið dimmt og veðrið ekki lengur eins gott,“ segir hún um tilkomu hugmyndarinnar að stofna ungbarnakaffihús fyrir börn að þrjú ára aldri og foreldra þeirra.

Vildi ekki trufla á bókasafninu

„Ég man að ég fór með vinkonu minni og ungri dóttur hennar á Borgarbókasafnið,“ segir hún. „Okkur leið svolítið illa með að vera með svona lítil börn, sem gátu gargað og truflað fólkið sem var þar að lesa fyrir börnin sín.“

Katarzyna nefnir annað tilfelli þar sem hana langaði að fara á veitingahús og borða hádegismat með barninu sínu. „En fólk reynir að vinna þar og eyða tíma með vinum sínum, en ekki endilega hafa barn organdi eða hlaupandi um,“ segir hún.

Hún segir engan sambærilegan stað í Reykjavík. „Það er auðvitað Kaffi Dalur, en það er kannski meira fyrir fólk sem dvelur á hostelinu og þar er heldur ekki mikið af leikföngum,“ segir hún og segist því ekki telja það með í flöru ungbarnakaffihúsa á höfuðborgarsvæðinu.



Ég vona að ég fái eitthvert fjármagn og styrki, en ég ætla ekki að treysta á það.

barnakaffihúsa á höfuðborgarsvæðinu.

Telur þörfina mikla

Því fór svo að Katarzyna ákvað að opna sinn eigin stað. Hún segir að foreldrar ungra barna sem hún hafi rætt við, séu á einu máli um þörfina á slíkri þjónustu. „Þetta var þannig ekki aðeins mín vegna heldur þurfa fleiri á þessu að halda,“ segir hún.

Katarzyna kemur frá náttúruperlunni Mazury í Póllandi, sem einnig er kallað „Land hinna þúsund vatna“, eða „Lungu Póllands“. Hún hefur starfað sem ljósmyndari lengst af og hefur búið hér á landi með eiginmanni sínum síðastliðin fimm ár. Maðurinn hennar er bilstjóri og fyrst um sinn bjuggu hjónin á Vik í Mýrdal, áður en þau fluttu til Reykjavíkur í leit að fleiri atvinnutækifærum.

Fjármagn úr eigin vasa

„Við maðurinn minn settum okkar eigið sparifé í þetta, en svo erum við líka á Karolina Fund. Því meira stofnfé sem við höfum því flottara getur þetta orðið. Ég vona að ég fái eitthvert fjármagn og styrki, en ég ætla ekki að treysta á það,“ útskýrir Katarzyna.

„Maður þarf að biða eftir styrkjum og getur ekki endilega treyst á að þeir komi. Svo er það eins með Karolina Fund, það væri æðislegt ef allir myndu leggja inn þúsundkall.

Það væri það frábær hjálp,“ segir hún en bætir við að hún reikni ekki með því. „Við byggjum allar okkar áætlanir á okkar eigin fé.“

Katarzyna reiknar með að húsnaði undir nýja ungbarnakaffihúsið verði í höfn á næstu dögum. „Við vonumst til að opna á þessu ári. Ég er þegar búin að panta leikföng frá Þýskalandi sem verða tilbúin í lok október.“

Hún segir aðengi mikilvægt og hún stefni á að hafa staðinn á jarðhæð og með garði. „Það er mikilvægt fyrir fólk með kerrur sem kemur með smábörn,“ segir hún.

Samvera og holl fæða

Katarzyna segir nýbakaða foreldra eiga á hættu að verða einmana, þar sem þeir hafi ekki staði til að hitta aðra foreldra. „Þetta er ekki bara vandamál meðal innflytjenda heldur glíma íslenskar mömmur við þetta líka. Það þekkjast ekki allir aðra unga foreldra, og margir þurfa nýtt samfélag,“ segir hún.

Katarzyna segist leggja mikla áherslu á að bjóða upp á holla fæðu fyrir börnin. „Það er eitthvað sem mér finnst vanta og ég vil sinna. Þegar maður fer eitthvert þar sem er barnamatseðill, er það yfirleitt bara franskur eða kjúklinganaggar.“ Þetta finnst Katarzynu ekki til fyrirmyndar.

„Okkar matseðill er mjög einfaldur en þar verður í boði chia-búðingur fyrir börnin, grautar úr grænmeti og ávöxtum. Við verðum með kökur fyrir foreldra en múffur fyrir börnin, sem framleiddar eru án viðbættis sykurs og salts. Svo verður einnig hægt að taka með sér. Við erum líka mjög umhverfisþenkjandi.“

Þá stefnir hún á að bjóða upp á listasmíðjur fyrir börn með tíð og tíma. „Og svo verðum við auðvitað með besta súkkulaðið í bænum.“ ■

Á skjánum

Sjöfréttir og Sopranos



Heiður Anna Helgadóttir
verkefnastjóri FS
„Ég er kannski ekki sú duglegasta þegar kemur að sjónvarpsglápi, ég á ekki einu sinni sjónvarp, en

þegar ég dett í girinn þá fer það alltaf smá eftir stemningunni hverju sinni hvað verður fyrir valinu.

Ég horfði á bíómyndina Snatch í fyrsta skipti um daginn, hún var geggjuð.

Svo hef ég unnið mig í gegnum gamalt efni sem ég missti af á sínum tíma, eins og The Office,

Breaking Bad og The Wire og get mælt með því öllu. Ég er líka algjör sökkur fyrir Succession-þáttunum og svo get ég horft á Gilmore Girls hvar sem er og hvenær sem er.

Ég reyni svo að fylgjast reglulega með sjö-fréttum og næst þegar ég dett í glápgirinn ætla ég að byrja á Sopranos-þáttunum.“ ■

Forsala í fullum gangi!

SÖNGLEIKURINN

SEM Á HIMNI



Sýningar
hefst
17. sept.

Þjóð
leik
húsið

Tryggðu þér miða!

leikhusid.is

Bakþankar



Önnu Sigrúnar
Baldursdóttir

Innviðir

Enn skelfur jörð. Enn gýs úr iðrum jarðar.

Eðlilega fagna ferðabjónustu- aðilar möguleikum til vaxtar eftir erfið ár þótt helst sé að skilja á einhverjum fulltrúum greinarinnar að eldgosid hafi nú ekki komið á heppilegum tíma því Ísland var uppselt. Jarðskorp- unni verður væntanlega sent minnisblað með tilmælum um að tímasetja óróa sinn betur.

Ferðamennirnir láta sig samt hafa það að nýta sér að nú gýs, þó að þeir hafi ekki pantað sér fri hér í tilefni jarðhræringa. Eins og svo sem ýmsir landar okkar fara þeir vanbúnir á gallabuxum og strigaskóm og fara í sína svaðilför.

Og hvað gerum við þá til að vernda líf og limi þessara gesta? Jú, teflum fram björgunarsveita- fólki án valdheimilda í sjálf- boðavinnu. Þessu fólki er ætlað að hvetja ferðalanga til að fara sér nú ekki að voða, en fólki er það auðvitað í sjálfsvald sett. Það er svo þetta sama björg- unarsveitafólk sem gengur yfir urð og grjót til að bera slasaða ferðalanga niður aftur í þoku og sudda.

Við erum ótrúlega lánsöm að eiga björgunarsveitarfólk að, en auðvitað er eitthvað ófug- snúid við að við reidum okkur á sjálfboðavinnu fólks fyrir sjálfsagða innviði. Með auknum ferðamannastraumi hefur reynt verulega á ýmsa innviði án þess að því hafi verið mætt af nægum krafti. Þetta gildir um vegakerfið okkar, löggæslu og ýmiss konar eftirlit og að ég tali nú ekki um heilbrigðisþjónustuna. Þetta er ekki sjálfbær nálgun og verður ekki mætt með flugeldasölu og sjálfboðavinnu heldur eðlilegu framlagi í sameiginlega sjóði. Þannig er það nú bara. ■

**pappír
umhverfið
prentun**

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

